


FREYJA GYLFADÓTTIR

*Fjallasúrmjólk höfð í öndvegi á heimilinu*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

SIGURSVEINN ÞÓR ÁRNASON

*Stökk inn í aðalhlutverkið í söngleik*

Tók við af félaga sínum í !Hero

FÓLK 16



FRANCISCA MWANSA

*Kátasta kassadama landsins*

Kynntist Íslandi í gegnum strætóróðuna

FÓLK 22




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. mars 2009 — 53. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



### Á móti hommum

Sveppi fer fyrir liði frægra einstaklinga sem keppa í fótbolta við lið homma.

FÓLK 22

### Fer brosandi í gegnum lífið



Ilmur Stefánsdóttir myndlistarkona er fertug.

TÍMAMÓT 12

### Gangan langa

„Brást Ingibjörg Sólrún? Hún brást að minnsta kosti við. Hún sagði af sér ráðherradómi og skapaði nýja stjórn áður en hún fór heim að sofa," skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 10

### Enn einn bikarinn



Man. Utd sigraði í ensku deildarbikarkeppninni í gær eftir vítaspyrnukeppni.

ÍÞRÓTTIR 18

### VEÐRIÐ Í DAG




**SNJÓKOMA EÐA ÉL** Í dag verða víða suðvestlægar áttir, 5-10 m/s. Það verður heldur þungbúið á landinu og búast má við úrkomu í öllum landshlutum. Frostlaust allra syðst en svalara annars staðar.

VEÐUR 4






# Aukin ásókn í tæknifrjóvgun í kreppunni

**Biðlistar í tæknifrjóvganir hafa lengst töluvert frá bankahruninu. Skýringin er á huldu en lækni virðist aukningin heldur meiri en að hún geti verið tilviljun.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Biðlistar í tæknifrjóvganir hjá fyrirtækinu ART Medica hafa lengst töluvert síðan þær fóru að standa einhleypum konum til boða í maí í fyrra. Læknir hjá fyrirtækinu segir það þó ekki skýra alla fjölgunina undanfarna mánuði og nú velta menn því fyrir sér hvort kreppan á hlut að máli.

Læknirinn Þórður Óskarsson, annar eigenda ART Medica, segir biðlista eftir glasafrjóvgunum hafa verið nokkuð stöðuga undanfarin ár, eða um tvo til þrjá, í mesta lagi fjóra, mánuði. Nú þurfi fólk hins vegar að bíða í fimm til sjö mánuði eftir meðferð.

> Það er nú svo sem þekkt að barneignir aukast oft á krepputímum.
>
> **ÞÓRÐUR ÓSKARSSON**
> LÆKNIR OG ANNAR EIGANDI ART MEDICA

„Það hafa auðvitað bæst við nýir hópar hjá okkur, samkynhneigðar og einhleypar konur, sem ekki fengu meðferð áður," segir Þórður. Það hafi aukið ásóknina talsvert.

Það skýri þó ekki alla aukninguna og athygli hafi vakið stöðug aukning í viðskiptum undanfarið tæpa hálfa árið, eða allt frá hruni bankanna í október. „Hvort sem það er svo tilviljun eða ekki," segir Þórður. Sveiflurnar kynnu að vera náttúrulegar. „En okkur finnst þetta þó heldur meira en svo."

Þórður segir aukninguna og ástæður hennar ekki hafa verið skoðaðar ofan í kjölinn. „Það er nú svo sem þekkt að barneignir aukast oft á krepputímum. En hvort sú aukning verður núna og hvort hún nær til okkar - maður veit það ekki," segir hann.

Þórður segir einnig að mögulega muni ásóknin dragast saman að nýju þegar kreppan fer að segja til sín af alvöru og fólk hefur minna á milli handanna, enda séu meðferðirnar tiltölulega dýrar. **- sh**



**BÓKMENNTAPERLUR** Áhugi sumra gesta bókamarkaðarins í Perlunni í gær var svo mikill að ekki dugði neitt minna en heil innkaupakerra fyrir bókaveiði dagsins. Yfir 20.000 titlar eru í boði á markaðnum sem stendur yfir til 15. mars næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Langar biðraðir mynduðust á bókamarkaði í Perlunni um helgina:

# Bókin stendur alltaf fyrir sínu

**MENNING** „Það myndast virkilega skemmtileg stemning þegar margir eru komnir saman á svona stað. Það er sami tilgangurinn hjá öllum, að leita að einhverju spennandi," segir Kristján Karl Kristjánsson, framkvæmdastjóri Bókamarkaðarins í Perlunni. Þúsundir bókaorma gerðu sér ferð í Perluna yfir helgina og gerðu margir góð kaup, enda yfir 20.000 titlar í boði. Áhuginn var slíkur að á köflum mynduðust langar biðraðir við afgreiðsluborðin.

Kristján er ekki mjög hissa á þessum mikla áhuga. „Það er þekkt í gegnum söguna að þegar á móti blæs stendur bók alltaf fyrir sínu sem gjöf. Á markaðnum er lítið mál að finna frábæra bók sem kostar kannski ekki nema 500 krónur, en fyrir sömu upphæð fæst líklega lítið af viti í annars konar verslunum."

Félag íslenskra bókaútgefenda stendur fyrir bókamarkaðnum, sem var fyrst haldinn í kringum 1960 í Listamannaskálanum, þar sem nú stendur viðbygging Alþingishússins. Hildur Hermóðsdóttir, ritari félagsins, segir vel koma til greina að markaðnum verði fundinn nýr samastaður að ári. „Þetta er orðið frekar þröngt og við það að sprengja utan af sér Perluna. Við erum auðvitað sérlega ánægð með þennan mikla áhuga," segir Hildur.

Bókamarkaðurinn er opinn daglega frá klukkan 10 til 18 fram til 15. mars. Hægt er að skoða lista yfir hluta af úrvalinu á bokatidindi.is. **- kg**






Ráðgjafi Íransforseta:

# The Wrestler móðgar Írana

**TEHERAN, AP** Að mati ráðgjafa Íransforseta er kvikmyndin The Wrestler móðgandi í garð írönsku þjóðarinnar. Af því tilefni heimtaði ráðgjafinn í gær afsökunarbeiðni frá hópi Hollywood-leikara og yfirmanna í kvikmyndaiðnaðinum vestra, sem er í heimsókn hjá írönskum kollegum sínum.



MICKEY ROURKE

Í The Wrestler reynir fjölbragðaglímukappi, sem kallar sig Ayatollah í höfuðið á trúarleiðtoga Íslamstrúarmanna, meðal annars að kyrkja Mickey Rourke, sem leikur titilhlutverkið, með íranska fánanum.

Ráðgjafinn, Javad Shamaqdari, segir að án afsökunarbeiðni sé ótækt að íranskir kvikmyndagerðarmenn fundi með bandaríska hópnum, sem inniheldur meðal annars leikkonuna Annette Bening. **- kg**

Eitt hálftómu hverfanna:

# Aðeins 120 búa í Úlfarsárdal

**SKIPULAGSMÁL Aðeins er búið í 32 af 115 húsum í Úlfarsárdal, einu af þeim hverfum á höfuðborgarsvæðinu sem standa hálftóm. Einungis 120 manns búa í öllu hverfinu.**

**Reykjavíkurborg hefur varið 548 milljónum króna í gatnagerð, holræsi og götulýsingar í hverfinu frá árinu 2005. Þá hefur Orkuveita Reykjavíkur varið um hálfum milljarði í ónýttar lagnir í Úlfarsárdal.**

**Hið opinbera hefur því varið ríflega milljarði í hverfið. Þar fyrir utan hafa verktakar líkast til eytt fleiri milljörðum í að byggja hverfið upp.**

**- kóp / - sh** **sjá síðu 8**




## SPURNING DAGSINS



*Tómas, lendið þið Magnús stundum á rauðu ljósi?*

„Rautt ljós er bara hugarástand.“

Tómas Hermannsson, útgefandi hjá Sögum, ekur þessa dagana um borg og bý meðan Magnús Eiríksson tónlistarmaður lætur dæluna ganga. Afraksturinn mun nýtast Tómasi við ritun ævisögu Magnúsar sem kemur út fyrir næstu jól. Eitt vinsælasta lag Magnúsar heitir „Á rauðu ljósi“.

Jóhanna Sigurðardóttir verður forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar:

# Skipta með sér forystuhlutverkum

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hyggst ekki hætta sem formaður Samfylkingarinnar. Hún gefur kost á sér til áframhaldandi forystu á landsþingi flokksins sem haldið verður í lok mars. Jóhanna Sigurðardóttir verður hins vegar forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar í komandi þingkosningum og mun leiða flokkinn í kosningabaráttunni.

Ingibjörg og Jóhanna kynntu þessi áform sín á blaðamannafundi á laugardag. Jóhanna sækist eftir efsta sætinu í sameiginlegu prófkjöri flokksins í Reykjavík og Ingibjörg öðru. Fái þær brautargengi í þau sæti munu þær leiða sinn listann hvor í Reykjavík. Össur Skarphéðinsson utanríkis- og iðnaðarráðherra sækist eftir þriðja sætinu.

Ingibjörg sagðist á fundinum hafa íhugað að draga sig alfarið í hlé frá stjórnmálastarfi vegna þeirra veikinda sem hún hefur átt við að etja. Hún hefði hins vegar talið það uppgjöf og ákveðið að halda ótrauð áfram.

Ingibjörg verður ekki ein í kjöri til formennsku í flokknum því að Jón Baldvin Hannibalsson tilkynnti um mótframboð samdægurs. Hann segist þó jafnframt styðja Jóhönnu til áframhaldandi setu á stóli forsætisráðherra. - sh



**TVÍEYKIÐ** Ingibjörg og Jóhanna stefna á að skipta með sér forystuhlutverkum í Samfylkingunni. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

## DAGUR VILL VERÐA VARAFORMAÐUR



Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, sækist eftir varaformennsku í flokknum á komandi landsþingi. Hann tilkynnti þetta í gær. Hann segir mikilvægt að stjórnmálin opni sig og flokkarnir verði farvegir fyrir nýjar hugmyndir og nýtt fólk.

Dagur býður sig ekki fram til þings en segir það ekki munu standa honum fyrir þrifum. Veturinn hafi sýnt að þingið þurfi aðhald, bæði frá samfélaginu en ekki síður flokkunum sjálfum.

Áður hefur þingmaðurinn Árni Páll Árnason tilkynnt um framboð til varaformanns. - sh

Bílvelta austan Jökulsárlóns:

# Tvær franskar konur slösuðust

**SLYS Þyrla landhelgisgæslunnar flutti í gær tvær franskar konur, sem slasast höfðu í bílveltu á Breiðamerkursandi, á Borgarspítalann í Reykjavík.**

**Skömmu eftir að þyrlan lagði af stað til Reykjavíkur með aðra konuna, rétt fyrir hádegi, sneri hún við að Klaustri, náði þar í lækni og flutti á Höfn. Þar þarfnaðist bráðveikt ungbarn læknis. Læknirinn var ekki á staðnum, þar sem hann var í útkalli vegna umferðarslyssins.**

**Hin konan sem slasaðist hafði verið flutt á Höfn til aðhlynningar. Þegar þyrlan kom með lækninn var ákveðið að senda hana með samferðakonu sinni til Reykjavíkur. Þar lenti þyrlan um hálf þrjú leytið.** - hhs

Steingrímur J. Sigfússon:

# Greinir ekki á um sáttmálann

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Vinstri grænna munu ekki greiða atkvæði með frumvarpi Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra um álver í Helguvík. Þetta segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokksins.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Steingrímur segir þó stjórnarflokkana ekki greina á um efni stjórnarsáttmálans eins og látið hefur verið liggja að. „Þetta er samningur sem gerður var í tíð fyrrum ríkisstjórnar og er bindandi og leggur iðnaðarráðherra þær skyldur á herðar að leggja frumvarpið fyrir þingið.“ Það hafi Vinstri græn vitað. „En það lá jafnframt ljóst fyrir að þingmenn okkar væru óbundnir af því að styðja málið,“ segir hann. - sh

# Geta leitað í stuðning og félagsskap

**Rauðakrosshúsið, ný miðstöð þar sem fólki gefst kostur á að leita úrræða vegna fjárhagsvanda og sækja sér stuðning og félagsskap, verður opnað í lok vikunnar. Verkefnastjóri Rauða krossins segir aldrei fleiri hafa boðið fram aðstoð sína.**

**HJÁLPARSTARF** „Við höfum orðið vör við mikla þörf fyrir aðstoð síðustu vikur og mánuði. Sem dæmi má nefna að símtölum í hjálparsímann okkar 1717 hefur fjölgað úr fimmtíu í sjötíu á sólarhring, og algengast er að fólk sé í fjárhagsvandræðum, búi við andlega vanlíðan og þar fram eftir götunum,“ segir Gunnhildur Sveinsdóttir, verkefnastjóri hjá Rauða krossi Íslands. Ný miðstöð sem ber nafnið Rauðakrosshúsið verður opnuð í lok vikunnar, og þar gefst fólki kostur á að leita úrræða vegna fjárhagsvandræða, fá sálrænan stuðning og viðtöl hjá sérfræðingum á borð við sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga og presta.

Rauðakrosshúsið verður í 300 fermetra húsnæði á neðstu hæð í Borgartúni 25, á sama stað og Mæðrastyrksnefnd var með úthlutanir fyrir síðustu jól. Miðstöðin er tilraunaverkefni til sex mánaða til að byrja með, og er unnið í samstarfi við þjóðkirkjuna. Gunnhildur segir að meiningin sé að leyfa starfsemi stöðvarinnar að þróast eftir því sem aðstæður krefjast næstu mánuði.

„Í fyrstu verður opið frá klukkan 14 til 16 á daginn og ýmislegt verður á boðstólum. Það verða námskeið og hópfundir af ýmsum toga, og einnig verðum við með aðgang að tölvum og interneti fyrir þá sem einhverra hluta vegna hafa þurft að segja upp áskriftum sínum heima við. Fyrir utan að leita sér úrræða viljum við líka að fólk geti leitað eitthvert í félagsskap og stuðning.



**MIÐSTÖÐ** Gunnhildur segir að með Rauðakrosshúsinu í Borgartúni sé verið að víkka út starfsemi hjálparsímans 1717, sem starfað hefur í nær tuttugu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Fyrir utan að leita sér úrræða viljum við líka að fólk geti leitað eitthvert í félagsskap og stuðning.
>
> **GUNNHILDUR SVEINSDÓTTIR** VERKEFNASTJÓRI

Húsið er ekki bara fyrir atvinnulausa heldur er það öllum opið.“

Að sögn Gunnhildar er þetta fyrsta miðstöð sinnar tegundar sem hleypt er af stokkunum síðan kreppan skall á. Starfseminni verður að langmestu leyti sinnt af sjálfboðaliðum. „Við fengum húsnæðið í síðustu viku og auglýstum eftir sjálfboðaliðum til að hjálpa okkur að koma því í stand. Viðtökurnar voru hreint út sagt ótrúlegar og margt frábært fólk sem er sérþjálfað á ýmsum sviðum vinnur í þessu með okkur. Það hefur aldrei verið jafn mikið um að fólk leiti til okkar og vilji gerast sjálfboðaliðar, bæði þeir sem eru með vinnu og atvinnulausir. Ég held að fólk sé byrjað að velta því mikið fyrir sér hvað það er sem gefur lífinu gildi,“ segir Gunnhildur Sveinsdóttir. kjartan@frettabladid.is



**ELDGOS Í GRÍMSVÖTNUM 1998** Jarðskjálfti upp á 4,3 á Richter varð í vestanverðum Vatnajökli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jarðskjálfti í Vatnajökli:

# Stærsti skjálfti síðan árið 1984

**JARÐSKJÁLFTI** Skjálftahrina hófst í vestanverðum Vatnajökli klukkan tuttugu mínútur yfir tólf í fyrrinótt og endaði með skjálfta upp á 4,3 á Richter klukkan tuttugu mínútur í eitt.

Þetta er stærsti skjálfti sem orðið hefur á svæðinu síðan árið 1984, að sögn Halldórs Geirssonar, jarðeðlisfræðings hjá Veðurstofu Íslands.

Halldór segir að fylgst verði vel með svæðinu á næstunni, þar sem svo stór skjálfti geti verið fyrirboði um aukna eldvirkni og jafnvel eldgos. Ekki hafi þó orðið vart við gosóróa eða annað sem bendir til eldsumbrota. - hhs

Leit að Aldísi Westergren:

# Vísbendingar engu skilað

**LÖGREGLUMÁL Leit að hinni 37 ára gömlu Aldísi Westergren, sem saknað hefur verið síðan síðasta þriðjudag, verður haldið áfram með hjálp björgunarsveita í dag. Lögregla og björgunarsveitir leituðu Aldísar árangurslaust meðan bjart var úti í gær.**

**Varðstjóri hjá lögreglunni segir málið nú í höndum rannsóknardeildar. Vísbendingar hafi engu skilað og ekki eftir neinu að fara í leitinni. Ekki sé ástæða til að ætla að um glæp sé að ræða.** - kg




Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 um viðhorf til aðildarviðræðna við ESB:

# Stuðningur við umsókn eykst

**SKOÐANAKÖNNUN** 45,5 prósent segjast nú vilja að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu, en 54,5 prósent eru því mótfallin. Stuðningur við aðildarumsókn hefur því aukist lítillega frá því 22. janúar þegar 59,8 prósent voru aðildarviðræðum andvíg.

Stuðningur hefur aukist um tæp níu prósentustig meðal kvenna og rúm átta prósentustig meðal kjósenda á höfuðborgarsvæðinu frá því í janúar. Lítill munur er á afstöðu eftir kyni, en 55 prósent kjósenda á höfuðborgarsvæðinu styðja aðildarviðræður, en 34 prósent kjósenda landsbyggðarinnar.



Ef horft er til stuðnings við stjórnmálaflokka hefur mesta breytingin orðið meðal kjósenda Vinstri grænna og hefur vinstri grænum sem styðja aðildarumsókn fjölgað um rúm níu prósentustig, fara úr 29 prósent í 38 prósent. Þá eykst stuðningur kjósenda Samfylkingar og þeirra sem ekki gefa upp stuðning við flokk við umsókn að Evrópusambandinu um tæp fimm prósentustig frá því í janúar.

**Á ÍSLAND AÐ SÆKJA UM AÐILD AÐ ESB?**




SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS/STÖÐVAR 2 26. FEBRÚAR 2009

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri fimmtudaginn 26. febrúar og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Á Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu? 75,4 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. - ss

## GENGIÐ 27.02.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,69 | 113,23 |
| Sterlingspund | 159,83 | 160,61 |
| Evra | 142,79 | 143,59 |
| Dönsk króna | 19,162 | 19,274 |
| Norsk króna | 16,16 | 16,256 |
| Sænsk króna | 12,468 | 12,542 |
| Japanskt jen | 1,1554 | 1,1622 |
| SDR | 165,4 | 166,38 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

176,2726

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðherrar og vísindamenn funda um loftslagsrannsóknir á Suðurskautslandinu:

# Hröð bráðnun hækkar í sjó

**SUÐURSKAUTSLANDIÐ, AP** Jöklar Suðurskautslandsins eru að bráðna hraðar en áður var talið og það gæti leitt til meiri hækkunar sjávarborðs í heiminum en spáð hefur verið.

Þetta fengu umhverfisráðherrar á annars tugs landa, þar á meðal Rússlands, Bandaríkjanna og Kína, að heyra á fundi með vísindamönnum í norsku rannsóknastöðinni Troll á Suðurskautslandinu. Í skýrslu fjölþjóðlegs hóps vísindamanna sem stundað hefur rannsóknir í tilefni af Heimskautaárinu 2007-2008 segir, að veðurfar á öllum vesturhluta Suðurskautslandsins sé að hlýna, ekki aðeins Suðurskautsnesið sem gengur í norður í átt að suðurodda Suður-Ameríku.



**BRÁÐNUN** Níutíu prósent alls jökulíss á jörðinni er á Suðurskautinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Þetta er óvenjulegt og óvænt,“ segir Colin Summerhayes, framkvæmdastjóri hinnar fjölþjóðlegu vísindanefndar um Suðurskautsrannsóknir um niðurstöður úr rannsóknum á gervihnattamyndum af syðstu heimsálfunni freðnu.

Níutíu prósent alls jökulíss á jörðinni er að finna á Suðurskautslandinu. Hraðari bráðnun gæti því breytt miklu um spár um hækkun sjávarmáls vegna loftslagshlýnunar. Margt er enn á huldu um tengsl gróðurhúsaáhrifanna og afdrifa Suðurskautsíssins. Enda slepptu loftslagssérfræðingar SÞ í IPCC-nefndinni því í síðustu skýrslu sinni að taka útreikninga um bráðnun íss þar og á Grænlandi með í reikninginn, vegna þess hve þeir voru miklum óvissuþáttum undirorpnir. - aa

Breska óeirðalögreglan:

# Óttast „sumar bræðinnar“

**BRETLAND** Breska óeirðalögreglan undirbýr sig nú af kappi undir komandi sumar. David Hartson, lögregluforingi í London, óttast að óeirðir gætu orðið daglegt brauð í Bretlandi vegna efnahagskreppunnar. Daily Telegraph greindi frá þessu.

Hartson segir líklegt að Bretar af millistétt gangi til liðs við aðgerðarsinna og mótmæli eftir því sem áhrif kreppunnar verði greinilegri. Hann telur einnig að G-20 fundarhöldin í London í byrjun apríl gætu orðið upphafspunkturinn fyrir „sumar bræðinnar“, eins og hann kemst að orði. - kg



**MERKI AFHENT** Guðmundur Bjarnason, formaður Hjartaheilla, afhenti Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta og verndara söfnunarinnar, merki samtakanna á Bessastöðum í gær.

Hjartaheill safna fé:

# Vilja nýtt tæki

**LÍKNARMÁL Landssöfnun Hjartaheilla hófst í gær en markmið hennar er að safna fé til styrktar hjartalækningadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss.**

**Hjartaheill fagna aldarfjórðungsafmæli á árinu og segir í tilkynningu frá samtökunum að nær 300 manns séu á biðlista eftir hjartaþræðingu og hjartaskurðaðgerðum.**

**Einungis tvö hjartaþræðingartæki eru á Landspítalanum og bæði komin til ára sinna. Samtökin vilja leggja sitt af mörkum til að þriðja hjartaþræðingartækið verði tekið í notkun á árinu.**

**Merkjasala hófst í gær en landssöfnun fer fram á Stöð tvö, í opinni dagskrá, 28. mars næstkomandi.** - ve

# Fólkið brást en ekki stefna flokksins

**Forysta Sjálfstæðisflokksins, ríkisstjórnin og Seðlabankinn eru harðlega gagnrýnd í fyrstu drögum skýrslu endurreisnarnefndar Sjálfstæðisflokksins. „Hluti af eðlilegri og hreinskiptinni umræðu,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

**STJÓRNMÁL** Stefna Sjálfstæðisflokksins brást ekki, heldur fólk. Þetta segir í niðurlagi fyrstu draga að skýrslu sem endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins hefur skilað af sér. Nefndinni er ætlað að leita svara við þeirri spurningu hvað brást í starfi Sjálfstæðisflokksins í aðdraganda bankahrunsins.

Meðal þess sem fram kemur í skýrslunni er að stjórnvöld og Seðlabankinn hafi brugðist of seint við mikilli stækkun bankakerfisins. Seðlabankinn hafi getað sett bönkunum stólinn fyrir dyrnar, til dæmis með því að takmarka eða skilyrða aðgengi þeirra að lausafjárstuðningi. Stærstu mistök Seðlabankans hafi hins vegar verið að samþykkja innlánssöfnun íslensku bankanna á erlendri grundu.

Eftirlitskerfi og opinberar stofnanir, svo sem Fjármálaeftirlitið, Seðlabankinn og ráðuneyti, eru gagnrýnd í skýrslunni. Þá er talið ámælisvert hvernig staðið var að einkavæðingu bankanna og dregið í efa að rétt hafi verið að leggja Þjóðhagsstofnun niður á sínum tíma.

Kallað er eftir pólitískri ábyrgð. Það skjóti skökku við að á ríflega hundrað dögum eftir eitt mesta efnahagsrun vestræns ríkis á friðartímum hafi enginn verið kallaður til ábyrgðar af hálfu Sjálfstæðisflokksins.

„Þetta er hluti af eðlilegri og mjög hreinskiptinni umræðu sem verður að eiga sér stað,“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, þegar óskað var viðbragða við skýrslunni. „Við, eins og aðrir verðum að horfast í augu við fortíðina til að geta byggt upp traust til framtíðar. Menn eru að draga þarna fram mistök sem hafa verið gerð. En á meðan við förum gagnrýnið yfir það sem betur hefði mátt fara megum við heldur ekki gleyma jákvæðu þáttunum í okkar fortíð, sem er tilefni til að byggja á til framtíðar.“



**Í UPPSVEIFLU Á FLOKKSFUNDI 2005** Forysta Sjálfstæðisflokksins er harðlega gagnrýnd í drögum skýrslu endurreisnarnefndar Sjálstæðisflokksins. FRÉTTABLAÐ/STEFÁN

Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur segir skýrsluna í takti við þá umræðu sem hefur átt sér stað innan grasrótar flokksins. „Endurreisnarstarf þessarar nefndar hefur gengið út á að leita eftir hugmyndum frá grasrótinni. Þetta eru sjónarmið sem eru mjög áberandi í þjóðfélaginu og venjulegt fólk sem styður Sjálfstæðisflokkinn endurspeglar.“ Hún segir eðlilegt að gagnrýni á forystu flokksins sé hörð. „Það er sterk krafa í Sjálfstæðisflokknum að menn geri hreint fyrir sínum dyrum. Það er augljóst að efnahagshrunið er ekki síst gífurleg vonbrigði fyrir kjósendur Sjálfstæðisflokksins, sem treysti þessu fólki til góðra verka.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, hefur stýrt starfi nefndarinnar, sem sett var á fót á flokksfundi Sjálfstæðisflokksins 30. janúar. Ætlað er að hún skili niðurstöðum sínum fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins sem fer fram 26. til 29. mars.

holmfridur@frettabladid.is

367 brautskráðust:

# Söguleg athöfn í Háskólanum

**MENNTAMÁL Alls útskrifuðust 367 kandídatar frá Háskóla Íslands á laugardag. Athöfnin var söguleg fyrir þær sakir að tvær heyrnarlausar konur, þær Heiðdís Dögg Eiríksdóttir og Steinunn Lovísa Þorvaldsdóttir útskrifuðust en þær eru fyrstu heyrnarlausu einstaklingarnir sem útskrifast frá Háskóla Íslands. Heiðdís Dögg er jafnframt talin fyrsta heyrnarlausa konan sem útskrifast sem hjúkrunarfræðingur í Evrópu.**



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR**

**Í ávarpi sínu lagði Kristín Ingólfsdóttir rektor mikla áherslu á nýsköpun og vísindastarf sem úrræði til að komast út úr þeim vanda sem Íslendingar standa frammi fyrir.** - ve

Fjármálaeftirlitið:

# Skoðar meint peningaþvætti

**EFNAHAGSMÁL** Fjármálaeftirlitið rannsakar nú ásakanir um peningaþvætti rússneskra einstaklinga og fyrirtækja, sem fram hafa komið nýlega.

Rússneski auðmaðurinn Boris Berezovsky hefur haldið því fram í sjónvarpsþætti á Sky-stöðinni, að félagar Vladimírs Pútín forseta hefðu keypt Ísland með þetta í huga. Enda væri hér annað regluverk en í Evrópu. Þessu síðastnefnda hafnar íslenska utanríkisráðuneytið.

„Grunur um peningaþvætti er að sjálfsögðu skoðaður í eftirlitinu,“ segir Gunnar Haraldsson, stjórnarformaður FME. - kóþ

## HEILBRIGÐISMÁL

### Vefur um geðheilbrigði

Vefur um geðheilbrigði hefur verið opnaður á vegum Háskóla Íslands. Vefurinn er samstarfsverkefni nemenda og kennara í hjúkrunarfræði, sálfræði og bókasafnsfræði. Slóðin er ged.hi.is.

## VESTFIRÐIR

### Jeppi eyðilagðist í Mjóafirði

Þrjár konur sluppu með skrekkinn þegar bíll þeirra fór út af þjóðveginum í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi í gær. Slysið varð á nýjum vegarkafla sem liggur að nýrri Mjóafjarðarbrú. Bíllinn, sem hentist út í stórgrýti, er talinn ónýtur.


Svalalokun



Gler & Brautir

DALSHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI - SÍMI 517 1417

www.cover.is

Alltaf logn á svölunum


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** Veðurfréttamaður

**VÍÐA ÚRKOMA** Ný vinnuvika heilsar með dumbungi og úrkomu en búast má við snjókomu eða éljum í flestum landshlutum í dag. Aðfaranótt þriðjudags hvessir allhressilega á Vestfjörðum, þar verður einnig snjókoma með tilheyrandi skafrenningi og hættu á ófærð.



**Á MORGUN** Hvassviðri eða stormur á Vestfjörðum.

**MÁNUDAGUR** Stíf norðlæg átt, 8-15 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Bassel | 11° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 6° |
| Eindhoven | 9° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 10° |
| Mallorca | 15° |
| New York | -2° |
| Orlando | 16° |
| Ósló | 1° |
| París | 11° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.




* Innifalið: Flug og flugvallarskattar, aðra leið. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags ef keypt er far báðar leiðir. Hámarksdvöl er 1 mánuður ef keypt er far báðar leiðir.
25 daga bókunarfyrirvari á fargjaldi aðra leiðina. Breytingagjald er 10.000 kr., engin endurgreiðsla, enginn barnaafsláttur – takmarkað sætaframboð.

**KJÖRKASSINN**



*Var rétt að fá Norðmann í Seðlabankann?*

| | |
|---|---|
| Já | 78,2% |
| Nei | 21,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ferð þú á árshátíð?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Evrópuleiðtogar héldu neyðarfund um efnahagsmál í Brussel í gær:

# Vilja forðast verndarstefnu

**EFNAHAGSMÁL** Leiðtogar ríkja Evrópusambandsins vilja forðast að gripið sé til verndarstefnu sem úrræðis gegn efnahagskreppunni. Þetta var ein af niðurstöðum neyðarfundar Evrópuleiðtoganna sem haldinn var í Brussel í Belgíu í gær.

Boðað var til fundarins í kjölfar þess að Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hét því að veita frönskum bílaframleiðendum neyðarlán ef þeir lofuðu að flytja störf ekki úr landi. Heit Frakklandsforseta vakti ugg í brjósti Evrópuleiðtoga sem óttuðust að með þessu væri stigið fyrsta skrefið í átt að verndarstefnu, sem gæti orðið til að eyða von um almennan efnahagsbata á ESB-svæðinu.



**FRAKKLANDSFORSETI** Hefur heitið því að veita bílaframleiðendum neyðarlán ef þeir fara ekki úr landi. NORDICPHOTOS/AP

Á fundinum var einnig rætt um hvernig nota mætti sameiginlegt markaðssvæði Evrópusambandsins til að styðja við hagvöxt hjá ríkjum ESB og skapa störf til að draga úr áhrifum kreppunnar.

Ekki var tilkynnt um sérstaka aðgerðaáætlun vegna bágrar efnahagsstöðu þjóða Austur-Evrópu, en sá vilji kom fram hjá ráðamönnum þeirra þjóða að hafa hana í heildstæðri aðgerðaáætlun sambandsins í efnahagsmálum. Þá var tilkynnt að Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, myndi funda með leiðtogum Evrópusambandsríkja hinn 5. apríl næstkomandi á ráðstefnu í Prag í Tékklandi. Á þeim fundi verða efnahagsmál á döfinni. **- kg**

Bankarán á Írlandi:

# Starfsmaður stal milljónum

**ÍRLAND, AP** Starfsmaður hjá Bank of Ireland í Dublin stal milljónum evra úr bankanum til þess að bjarga fjölskyldu sinni úr klóm mannræningja.

Ræningjarnir höfðu hótað því að drepa fjölskylduna ef maðurinn yrði ekki samvinnuþýður. Fjölskyldan losnaði úr gíslingunni á föstudag, eftir að maðurinn hafði afhent ræningjunum peningana, sem írskir fjölmiðlar segja að nemi sjö milljónum evra.

Nokkuð algengt mun vera að fjölskyldum bankastarfsmanna á Írlandi sé rænt, en yfirleitt hefur lausnargjaldið verið mun lægra en nú. **- gb**

skölpun | snerpa | samstarf | mannauður

Sókn
á traustum grunni

Velkomin á
ársfund Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Þriðjudaginn 3. mars 2009
kl. 08:30 - 10:30
Hilton Reykjavík Nordica hótel

Dagskrá

08:00 Léttur morgunverður

08:30 Fundarsetning

Ávarp
Össur Skarphéðinsson iðnaðar- og utanríkisráðherra

Nýir tímar
Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar

Nýsköpunarúrræði fyrir sprota framtíðarinnar
Sigríður Ingvarsdóttir framkvæmdastjóri

Afburðaárangur í alþjóðlegu samstarfi
Ingólfur Þorbjörnsson framkvæmdastjóri

Íslenskt hugvit í norskri magnesíum framleiðslu
Guðmundur Gunnarsson fagstjóri

Sturlungar, sprotar og nýjar starfsstöðvar
Berglind Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri

Eldgos nýsköpunar og þróunar
Frosti Gíslason verkefnisstjóri

Frá mega til nano í steinsteypu
Ólafur Wallevik prófessor og forstöðumaður grunnrannsókna

Greið leið að betri götum
Pétur Pétursson forstöðumaður

Undirritun samstarfsyfirlýsingar um Greiningarstofu nýsköpunar

10:30 Ársfundi lokið

Eftir fundinn munu starfsmenn Nýsköpunarmiðstöðvar svara fyrirspurnum gesta um starfsemi miðstöðvarinnar.

Fundarstjórar:
Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir handhafar Eyrarrósarinnar.

Skráning þátttöku á **frettir@nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Akureyri | Egilsstöðum | Húsavík | Höfn | Ísafirði | Reykjavík | Sauðárkróki | Vestmannaeyjum

# Nefndin hlustaði á sumt en annað ekki

**Frumvarpið um breytingar á yfirstjórn Seðlabankans tók miklum breytingum áður en það var samþykkt sem lög. Tekið var undir margháttaðar athugasemdir. Ekki var tekið tillit til breytinga og vinnulags sem Jóhannes Nordal lagði til.**

**ALÞINGI** „Fyrst vil ég minna á að upphafleg lagasetning um Seðlabankann og allar veigamiklar breytingar á lögunum síðan hafa verið rækilega undirbúnar og um þær hefur því ætíð náðst þverpólitísk samstaða á þingi," sagði Jóhannes Nordal, fyrrverandi seðlabankastjóri, í áliti sínu til viðskiptanefndar Alþingis um frumvarp ríkisstjórnarinnar um bankann. Jóhannes varð seðlabankastjóri við stofnun bankans 1961 og gegndi embætti til 1993.

Jóhannes sagði að sér virtist sérstaklega mikilvægt að fá umsögn Seðlabanka Evrópu um frumvarpið en meirihluti viðskiptanefndar hafnaði boði um slíkt. Þá sagði hann margt mæla með að tveir aðstoðarbankastjórar yrðu við bankann og varaði við að peningastefnunefnd yrði stofnuð áður en sem víðtækastra gagna um reynslu annarra þjóða af slíku fyrirkomulagi yrði aflað. Til hvorugs var tekið tillit við lagasetninguna.



**SEÐLABANKINN OG ALÞINGI** Viðskiptanefnd fjallaði um seðlabankafrumvarpið á níu fundum og fékk á þá hátt í 30 gesti auk fjölda skriflegra umsagna. Umræður í þinginu stóðu í átján klukkustundir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HELSTU BREYTINGAR SEM ÞINGIÐ GERÐI**

- Skipa ber aðstoðarseðlabankastjóra.
- Bankastjórar skulu skipaðir til fimm ára en ekki sjö.
- Hæfniskröfur bankastjóra eru rýmri en fyrst var gert ráð fyrir.
- Sérstök nefnd á að meta hæfni umsækjenda um bankastjórastöðurnar.
- Aðferðum við skipan í peningastefnunefnd var breytt.
- Peningastefnunefnd var falin viðvörunarskylda.

Marghátttaðar breytingar urðu á frumvarpinu þar til það varð að lögum. Á þriðja tug gesta komu fyrir viðskiptanefnd þingsins og henni bárust um tuttugu umsagnir.

Samtök atvinnulífsins voru harðorð í sinni umsögn og sögðu frumvarpið lagt fram án þess vandaða undirbúnings og samráðs sem mælt væri fyrir um í leiðbeiningum forsætisráðuneytisins. Þá sagði: „Í ljósi þess að peningamálastefna Seðlabankans hefur beðið skipbrot og Seðlabankinn er rúinn trausti og varð gjaldþrota er mikilvægt að allar breytingar stuðli að endurvakningu trausts á Seðlabankanum og efnahagsstefnu stjórnvalda." Því lögðu samtökin til að fram færi ítarleg úttekt á stefnu og skipulagi bankans. Þá vildu þau að bankaráð eða sérstök ráðninganefnd réði í stöðu bankastjóra en ekki forsætisráðherra.

Viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri lagði til að staða seðlabankastjóra yrði auglýst á alþjóðlegum vettvangi.

Starfsmenn Viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík vildu að í lögunum yrði tiltekið í bráðabirgðaákvæði að peningastefnan yrði endurskoðuð. Þeir töldu jafnframt óheppilegt – í ljósi reynslunnar – að ekki væri uppsagnarákvæði um bankastjóra í lögunum.

Þá gerðu margir umsegjendur athugasemdir við hvernig standa ætti að skipan í peningastefnunefnd bankans og var í meginatriðum tekið undir sjónarmið þeirra. **bjorn@frettabladid.is**

**Neytendur:** Móðir varar við stórvarasömum SMS-leikjum

# *Unglingur dettur í græðgiskast*



**DR. GUNNI**
neytendur@
frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@ frettabladid.is

Nýr tölvuleikur Killzone 2 „lenti" í Elko á þriðjudaginn. Í heilsíðuauglýsingu mátti lesa hvatninguna: *„Sendu SMS EST KZL á númerið 1900 og þú gætir unnið! Vinningar eru Killzone 2, aðrir tölvuleikir, gos, dvd myndir og fleira. Níundi hver vinnur."* Með minnstu stöfunum í auglýsingunni stóð: *„Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið."*

Guðrún hafði samband og vill vara foreldra við auglýsingum sem þessum. *„Sonur minn 14 ára fær eina þúsund króna áfyllingu á gsm-númerið sitt í mánuði. Venjulega fær hann viðvörun þegar tvöhundruð krónur eru eftir af innlegginu. Þegar hann sá auglýsinguna datt hann í græðgiskast því leikurinn freistaði hans svo. Hann stóð í þeirri meiningu að hann gæti sent fimm skilaboð fyrir þúsund kallinn. Hann fékk enga viðvörun og þegar hann var búinn að senda fjölmörg sms fór samviskan að segja til sín og hann kom og sagði mér frá öllu saman."*



**STÓRVARASAMT** Unglingar geta safnað skuldum með sms-leikjum.

Guðrún kannaði þá málið og komst að því að símareikningurinn var kominn í 16.915 krónur, sonur hennar hafði sent 85 sms. *„Ekki vann hann leikinn eftirsótta, en fékk tvo gamla PC-leiki og 21 litla dós af Pepsí Max! Auðvitað væri hægt að kaupa þennan Killzone 2 leik tvisvar sinnum fyrir upphæðina sem hann var búinn að eyða út í loftið. Ég hringdi í símafyrirtækið og þar var mér tjáð að við fyrsta sms-ið fer maður í einhvern sms-klúbb, sem í þessu tilfelli var á vegum fyrirtækisins D3. Eftir það virðist vera hægt að senda sms út í hið óendanlega og safna skuldum. Stúlkan sagði mér að það dyndi á henni símtöl frá svekktum foreldrum. Hún sagði mér líka að það væri hægt að láta loka fyrir símtöl á svona númer. Þess þarf þó ekki í mínu tilfelli. Strákurinn hefur lært sína lexíu og verður að borga þetta fram á sumar."*



# VORÖNN 2009

## Bókhald 1

### „Bókarar eru alltaf vinsælir starfskraftar“

(Skv. viðtali við ráðningarstjóra vinnumiðlunar mbl 11. feb. sl.)

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem vilja ná tökum á bókhaldi og styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl og er metið til eininga.

**Helstu kennslugreinar:**
Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur. Bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.

- **Næsta námskeið hefst 13. mars og lýkur 13. maí.**
  Morgun og kvöldnámskeið í boði. Lengd 100 std. Verð kr. 94.000,-
  Ath. möguleika á niðurgreiðslu fyrir atvinnulausa og endurgr. stéttarfélaga, kynntu þér málið

## Grafísk hönnun

### »Photoshop - Illustrator - InDesign

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk.
Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag.

- **Næsta námskeið hefst 31. mars og líkur 28.maí.**
  Lengd 105 std. Verð kr. 116.000,-

## Vefsíðugerð

### »Vefsíðugerð grunnur

**með Photoshop og Dreamweaver.**

Námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp frambærilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndvinnslu og myndanotkun.

- **Næsta námskeið hefst 4. mars og lýkur 1. apríl.**
  Lengd 47 std. Verð kr. 49.000,-

## Almenn námskeið

### »Almennt tölvunám.

Hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið fyrir þá sem sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

- **Windows stýrikerfi og skjalavarsla – Word – Excel - Outlook (tölvupóstur og dagbók) og Internet**

- **Næsta námskeið hefst 9. mars. og lýkur 20. apríl.**
  Morgun og kvöldhópar. Lengd: 58 std. Verð kr. 44.900,-
  (Allar kennslubækur innif.)

## Möguleikar fyrir atvinnulausa!

Atvinnulausum gefst kostur á að skrá sig á nokkur námskeið sem haldin eru í skólanum á vegum Vinnumálastofnunar og eru þessi námskeið atvinnulausum að kostnaðarlausu. Skráning fer fram hjá Vinnumálastofnun. Jafnframt niðurgreiðir Vinnumálastofnun námskeið um allt að 50% skv. nánari reglum þar um en styrkupphæð getur þó ekki orðið hærri en 70 þús. Kynntu þér málið nánar hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar.

**Flest stéttarfélög styrkja auk þess félagsmenn sína myndarlega til náms hjá okkur. Kynntu þér rétt þinn hjá þínu stéttarfélagi.**

## Eldri borgarar 60+



### »Grunnnámskeið

**30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.**
Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur.

- **Hefst 12. mars. og lýkur 2. apríl.**
  Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,- (kennslubók innifalin)

### »Framhald

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

- **Hefst 11. mars. og lýkur 1. apríl.**
  Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,-

| Stök forrit | St.fj | Hefst | Verð |
|---|---|---|---|
| Dreamweaver | 26 | 18. mars | 29.000,- |
| Excel frh | 14 | 19. mars | 24.000,- |
| Excel grunnur | 21 | 25. mars | 24.000,- |
| Illustrator | 37 | 23. apríl | 44.000,- |
| Outlook | 10 | 15. apríl | 15.000,- |
| Photoshop grunnur | 21 | 4. mars | 24.000,- |
| PowerPoint | 10 | 6. mars | 15.000,- |
| Navision fjárhagsbókhald | 42 | 24. apríl | 49.000,- |
| Stafrænar myndavélar | 14 | 2. mars | 15.000,- |
| Tölvunám byrjenda | 42 | 17. mars | 32.900,- |
| Word ritvinnsla | 21 | 11. mars | 24.000,- |

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvaða stjórnmálahreyfing hefur samþykkt að óska eftir því að gerast aðildarfélag að Samfylkingunni?*

*2 Hvenær lauk bjórbanninu á Íslandi?*

*3 Hver skrifar ævisögu Magnúsar Eiríkssonar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 22

Um tíu þúsund manns nýta sér nú vefbækurnar á Snara.is:

# Ókeypis bækur í þessari viku

**MENNING** Vefbókasafnið Snara býður almenningi upp á ókeypis aðgang að 72 verkum í þessari viku, frá og með deginum í dag.

Meðal uppflettirita eru tólf orðabækur, fjórtán verk Halldórs Laxness og Íslendingasögurnar. Þá má nálgast Nöfn Íslendinga, sem inniheldur öll nöfn skráð í manntal frá 1703 til 1990. Kortabók Íslands er aðgengileg og Samtíðarmenn frá 2003, sem er uppflettirit um þekkta Íslendinga. Síðast en ekki síst ber að telja Matarást Nönnu Rögnvaldardóttur.

Um 1.500 áskrifendur eru að Snöru, en Marinó Njálsson vefstjóri segir að á bak við þá séu oft stórar stofnanir svo sem Háskóli Íslands. Heimsóknir séu því um 10.000 á viku.

Sögu vefbókanna má rekja til 2001, þegar hluti af Íslenskri orðabók var settur á vefinn. Síðan hefur bæst við jafnt og þétt í safnið, sem er tengt útgáfu Forlagsins. Markmið Snöru mun þó vera að hafa vefinn opinn sem flestum útgefendum.

Ekki er annað að heyra á Marinó en að reksturinn gangi vel, en hann segist binda vonir við lagafrumvarp sem liggur fyrir Alþingi. Með því yrði virðisaukaskattur rafbóka færður í sama þrep og af öðrum bókum, úr 24,5 prósentum í sjö.

**- kóþ**



**VEFSÍÐAN SNARA.IS** Sé nafninu „Grettir" flett upp í Nöfnum Íslendinga kemur í ljós að það þýðir frekar „slanga" eða „sá sem hvæsir", heldur en „hinn grettni".

Sjóránavarnir við Sómalíu:

# Norskir til liðs við ESB-flota

**NOREGUR, AP** Norsk yfirvöld greindu frá því fyrir helgina að eitt af nýjustu herskipum norska flotans muni slást í lið með herskipum Evrópusambandslanda á „sjóræningjavakt" undan ströndum lögleysulandsins Sómalíu.

Freigátan mun að sögn varnarmálaráðuneytis verða tilbúin í ágúst til þátttöku í þessum ESB-gæsluflota, sem verður samsettur úr herskipum frá Hollandi, Frakklandi, Grikklandi, Bretlandi, Ítalíu og Þýskalandi.

Norðmenn eru ekki í ESB en hafa, sem umsvifamikil siglingaþjóð, mikilla hagsmuna að gæta í að tryggja öryggi siglinga.

**- aa**


# Basarinn

**Nytjamarkaður Kristniboðssambandsins**
**Grensásvegi 7, 2. hæð**

**Tilboðsvika – 20 % afsláttur**
**Vikuna 2.-7. mars**

Frábært tækifæri til að gera góð kaup á bæði nýjum og notuðum hlutum. Mikið úrval af notuðum vörum s.s. fötum, málverkum, húsbúnaði, skrautmunum, gardínum, dúkum, lömpum, töskum, bókum, vídeóspólum, spilum, púslum, leikföngum og fleiru. Einnig nýjar vörur, kristilegar bækur, geisladiskar, silfurkrossar, handunnar hálsfestar og tækifæriskort frá Keníu, sjöl, dúkamottur, englar, ilmolíur og margt fleira.

**Sjón er sögu ríkari**
**Verið velkomin í heimsókn!**

Opið virka daga frá kl. 12-17 og fyrsta laugardag í mánuði kl. 11-14. Á sama tíma er tekið á móti vörum ef einhver vill gefa. Einnig eru umslög, frímerki og gömul mynt vel þegin. Látum ekki verðmæti fara til spillis!
Sími 533 4900




**Munum eftir að hlúa að hjónabandinu!**

Frábær bók um sambúð og hjónaband. Bókin er skemmtileg aflestrar og gefur einföld og auðveld ráð til að viðhalda ástinni. Galdurinn er að kunna ástartáknmál makans. Vill maki þinn að þú gefir honum tíma eða vill hann heldur að þú eldir góðan mat? Ertu leið/ur á nöldri yfir því að þú gerir aldrei neitt af því sem þarf að gera á heimilinu? Lestu bókina og fáðu góð ráð. Bókin er einnig góð til gjafa. Salt ehf. gefur bókina út. Fæst í bókabúðum en er með 20% afslætti vikuna 2.-7. mars á Basarnum, Grensásvegi 7.



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið





# Milljarður frá því opinbera í Úlfarsárdal

**Úlfarsárdalur er eitt hálfbyggðu hverfanna á höfuðborgarsvæðinu. Hægt hefur á framkvæmdum og flutt hefur verið inn í 32 hús af 115. Ríflega milljarður liggur í hverfinu frá OR og Reykjavíkurborg og þá er kostnaður verktaka ótalinn.**

**SKIPULAGSMÁL** Hægt hefur gríðarlega á uppbyggingu í Úlfarsárdal, hverfi 1. Alls eru 120 íbúar fluttir inn í hverfið, sumir þeirra í hálfkláruð hús. Snemmsumars árið 2007 voru 115 lóðir boðnar upp fyrir 388 íbúðir. Í dag er aðeins búið í 32 húsum. Gríðarlega miklum fjármunum hefur verið varið í framkvæmdir í hverfinu.

Reykjavíkurborg sér um gatnagerð, holræsi og götulýsingar í hverfum borgarinnar. Áfallinn kostnaður á borgina vegna Úlfarsárdals, hverfis 1, eru 548 milljónir króna á árunum 2005 til 2008.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að Orkuveita Reykjavíkur hefði tekið saman kostnað sem lægi í ó- og vannýttum lögnum fyrirtækisins. Á öllu veitusvæðinu nemur þessi upphæð 2,6 milljörðum króna. Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitunni er um hálfur milljarður af því í Úlfarsárdalnum.

> Það voru miklir peningar í umferð og það skapaðist mikill þrýstingur.
>
> **HJÁLMAR SVEINSSON**
> ÚTVARPSMAÐUR

Ómögulegt er að giska á þær upphæðir sem verktakar hafa sett í uppbygginguna, en óhætt er að segja að þær hlaupi á milljörðum. Ekki er, eða var í góðærinu, óalgengt að menn byggðu sér einbýlis-hús fyrir 50 til 150 milljónir, til að mynda.

Menn innan Orkuveitunnar hafa talað um að skipulagsleysi hafi einkennt uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu. Gríðarleg uppbygging hafi átt sér stað sem fyrirtækið hafi þurft að bregðast við og leggja allar lagnir. Tekjur skili sér hins vegar seint.

Hjálmar Sveinsson útvarpsmaður hefur fjallað mikið um skipulagsmál. Hann segir samkeppni hafa einkennt uppbygginguna. „Það voru miklir peningar í umferð og það skapaðist mikill þrýstingur. Sveitarstjórnarmenn voru ekki nógu tilbúnir til að stýra uppbyggingunni og það fór af stað samkeppni en ekki samráð eins og þó var gert ráð fyrir í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins."

Hjálmar segir bæjarstjórnir, sérstaklega í Reykjavík og Hafnarfirði, strax hafa farið að sækja um undanþágur. „Þannig að í raun varð Svæðisskipulagið strax marklaust plagg, líkt og skipulagsstjóri sagði við mig í viðtali eitt sinn."

**kolbeinn@frettabladid.is**


LYFJA
– Lífið heil



**20% verðlækkun+**
**VECTAVIR** frunsuáburður.
~~1.387 kr.~~ **1.110 kr.**



**20% verðlækkun+**
**STREPSILS** munnsogstöflur 24 stk.
~~890 kr.~~ **712 kr.**



**20% verðlækkun+**
**OTRIVIN** nefúði.
~~741 kr.~~ **593 kr.**

www.lyfja.is

**Lægra verð í Lyfju**

+ Gildir til 15.03. 2009




Sökum efnahagsástandsins hefur Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar ákveðið að bjóða Íslendingum **25% AFSLÁTT** af öllum King Koil rúmum. Með þessu vill hann þakka fyrir þá tryggð og þau viðskipti sem Íslendingar hafa átt við hann í gegnum árin. Um er að ræða takmarkað magn.

**Komdu og fáðu þér gæða rúm á góðum afslætti.**

Með öllum keyptum rúmum er **25% AFSLÁTTUR** af öllum aukahlutum í mjúku deild Rekkjunnar.

**CASTAWAY**
- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tvíhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa



**CASTAWAY**
Queen size (153x203)
Verð 220.000 kr.
**KK-TILBOÐ**
**165.000 kr.**
**= 55.000 kr.**
**AFSLÁTTUR!**

**ADVENTURE**
- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstijöfnunar-svampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa



**AVERY**
Queen size (153x203)
Verð 155.000 kr.
**KK-TILBOÐ**
**116.250 kr.**
**= 38.750 kr.**
**AFSLÁTTUR!**

**AVERY**
- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa



**ADVENTURE**
Queen size (153x203)
Verð 303.900 kr.
**KK-TILBOÐ**
**227.925 kr.**
**= 75.975 kr.**
**AFSLÁTTUR!**

# FERMINGARTILBOÐ
# 30% AFSLÁTTUR!

Comfort Zone rúmin aðlaga sig á ótrúlegann hátt að líkamanum, hafa einstaka þyngdardreifingu og veita slökun sem er á fárra færi.

| COMFORT ZONE | COMFORT ZONE |
|---|---|
| (120x200) | (97x200) |
| Verð 132.900 kr. | Verð 116.900 kr. |
| FERMINGARTILBOÐ | FERMINGARTILBOÐ |
| **93.030 kr.** | **81.830 kr.** |



**COMFORT ZONE**
- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Þrýstijöfnunarsvampur í svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýtt ástand í kosningabaráttu:

## Krafa um ábyrg kosningaloforð

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR**

Skoðanakannanir þær sem birtust fyrir helgi um stöðu flokkanna segja meira til um það hversu ánægt fólk er með stjórnmálaflokkana í stjórn eða stjórnarandstöðu nú en hvað skuli kjósa eftir tæpa tvo mánuði. Kjósendur hafa enn sem komið er fáar forsendur til að meta hvaða stjórnmálaafl verður best að kjósa, því stefnur eða kosningaloforð eru ekki komin fram.

Eftir velmegunarskeið þarf kosningabaráttan nú að taka allt aðra stefnu en áður. Áherslan getur ekki verið á í hvað skuli eyða, heldur verður hún að vera á hvar skuli spara. Loforðaflaumur um að gera allt rímar ekki við veruleikann og sem aldrei fyrr þurfa fjölmiðlar að vera á tánum og spyrja: Hvað kostar það og hvar skal skera niður til að mæta þeim kostnaði?

Það er vitað, að samkvæmt samningi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þarf að leggja fram áætlun um rammafjárlög til næstu ára. Einnig þarf þessi ríkisstjórn sem nú situr að leggja fyrir sendinefnd sjóðsins áætlun um hvernig skuli ná stöðugleika í ríkisfjármálum á næstu árum. Fjárlög næsta árs verða mun minni í sniðum en gildandi fjárlög. Til að „loka gatinu“ þarf væntanlega bæði að skera niður í útgjöldunum sem og hækka skatta.

Áður en kjósendur geta, með upplýstum hætti, valið milli stjórnmálaflokkanna verður að vera komin fram stefna þeirra varðandi næstu fjárlög. Þessi kosningabarátta mun því ekki snúast um ný verkefni, heldur áherslur í niðurskurði.

Það verður ekki nóg að lofa niðurskurði í utanríkisráðuneytinu, sem er það ráðuneyti sem óvinsælast virðist að eyða fjármunum í. Þeir flokkar sem tala bara um slíkan niðurskurð en ekkert um hvernig skuli bregðast við í heilbrigðismálum eða velferðarmálum geta ekki talist ábyrgir í ríkisfjármálum. Í niðurskurðinum þarf að líta í öll horn og ekkert ráðuneyti verður þar undanskilið.

Önnur spurning sem flokkarnir verða að geta svarað mjög fljótlega er varla hvort, heldur hversu mikið þeir telja að skattar eigi að hækka og þá hvaða skattar. Ef stefnan verður að taka upp hátekjuskatta, hvaða tekjur munu teljast til hátekna? Einnig verður spurt hvað tekjur ríkisins munu aukast mikið með skattahækkuninni.

Hvernig stjórnmálaflokkarnir svara þessum spurningum verður lýsandi fyrir framtíðarsýn þeirra á íslenskt samfélag. Enn sem komið er vitum við meira um hvernig þeir sáu fyrir sér þróun „gamla Íslands“. En hvernig á þjóðin að ná sér upp úr kreppunni og hvernig á hún að stefna aftur að opnu hagkerfi og aukinni velmegun? Þessu hafa flokkarnir í raun ekki svarað. Framtíðarsýnin er ekki komin. Þegar kosið er til fjögurra ára þurfa lausnirnar að ná lengra fram í tímann en þegar rætt er um bráðavanda dagsins í dag.

Þegar svör við þessu eru komin, er loks hægt að taka upplýsta afstöðu til stjórnmálaflokkanna og velja þá framtíðarstefnu sem hverjum og einum hugnast best. Þegar þau svör eru komin er hægt að líta svo á að niðurstöður skoðanakannana hafi eitthvert forspárgildi fyrir komandi kosningar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hrægammakapítalismi

Tillaga Framsóknarflokksins um niðurfellingu fimmtungs allra skulda í landinu leggst misjafnlega í menn. Á meðan þeir uppskera klapp á bakið frá líklegum verðandi formanni Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssyni, skjóta meðlimir ríkisstjórnarinnar sem Framsókn ver falli hugmyndina í bólakaf. Og svo virðist sem flokksmenn sjálfir séu síður en svo einhuga um áherslurnar. Þannig upplýsir Pétur Gunnarsson, blaðamaður og innsti koppur í Framsóknarbúrinu um árabil, um það á Facebook á hann hafi sagt sig úr flokknum daginn sem tillögurnar voru kynntar. „[Þ]etta er fráránlegt hjá framsókn, gjörsamlega ömurlegt, hrægammakapítalismi dauðans og ekki til í þessu félagshyggja,“ er hin nöturlega einkunn sem Pétur gefur stefnu fyrrum félaga sinna.



### Lúðvík ekki í varaformann

Önnur tilkynning sem barst á Facebook í gær var frá Degi B. Eggertssyni, sem loksins ljóstraði því upp sem flestir bjuggust við: Að hann ætlaði að sækjast eftir varaformennsku í Samfylkingunni. Hann mun þar kljást við Árna Pál Árnason, en mun njóta meiri stuðnings meðal flokksforystunnar. Nafn Lúðvíks Geirssonar, bæjarstjóra í Hafnarfirði og prófkjörsframbjóðanda, hafði einnig heyrst í þessu samhengi. Hann staðfesti við Fréttablaðið í gær að hafa velt varaformannsframboði fyrir sér en ákveðið að fara ekki fram að þessu sinni.



### Skýrar blokkir?

Dagur lýsti því yfir í fjölmiðlum í gær að hann styddi Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur til áframhaldandi formennsku og gagnrýndi Jón Baldvin Hannibalsson fyrir yfirlýsingar hans í garð flokksforystunnar. Jón Baldvin hefur áður hampað Árna Páli Árnasyni fyrir hans skeleggni og styður hann líklega til varaformennsku gegn nánum ráðgjafa Ingibjargar. En skyldi Árni Páll styðja Jón Baldvin?

stigur@frettabladid.is

# Gangan langa



**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON**

**Í DAG** | Ingibjörg Sólrún

Ógleymanleg verður manni myndin af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur þar sem hún er studd út af heimili Geirs Haarde af Össuri Skarphéðinssyni, sínum nánasta samverkamanni – og hafði risið af sjúkrabeði sínum til að bregðast við kröfu kjósenda um nýja ríkisstjórn, nýja forystu í landsmálum, ný úrræði. Að fara nú að gera eitthvað og hætta þessu ráðleysi.

Þetta er ein af myndum hrunsins. Þetta er eitt af augnablikunum. Eftir á er eins og ráðherrarnir hafi verið í miðju taugaáfalli – ekki síst Geir Haarde sem öllum spurningum svaraði með: „nei nei, alls ekki, auðvitað ekki, nei nei, við viljum bara fá vinnufrið.“

Þetta er sterk mynd: Gangan langa. Maður sér hana fyrir sér þar sem hún gekk hægt og hetjulega skref fyrir skref út úr þessari ríkisstjórn á vit óvissunnar og studdist við styrkan arm Össurar og eigin vilja og ekki fór á milli mála hversu brothætt hún var og sterk – útkeyrð og einbeitt.

Þessa daga var djarft teflt og vel. Og Ingibjörgu Sólrúnu og samverkafólki hennar tókst að skapa nýja stjórn og leiða til öndvegis Jóhönnu Sigurðardóttur, sem á það öðrum fremur skilið að verða fyrsta konan til að sitja í stóli forsætisráðherra og blómstrar í starfinu – og virkja til starfa Vinstri græn, spriklandi af fjöri og athafnaþrá.

Sagt er að Ingibjörg Sólrún hafi ekki axlað sína ábyrgð. Jafnvel heyrast raddir – til dæmis frá síðbúnum Samfylkingarmönnum – sem tala eins og hún hafi fyrirgert kjörgengi sínu, megi ekki bjóða sig fram í annað sæti á lista Samfylkingar eða til formanns. Ég veit það ekki.

Brást hún? Henni voru vissulega mislagðar hendur í utanríkisráðherratíð sinni; gerði að sinni vonlausa oflátungsbaráttu Halldórs Ásgrímssonar fyrir sæti í Öryggisráðinu, gekk of langt í að leggja nafn sitt og þjóðarinnar við athafnir íslenskra fjárglæframanna þegar hún sat með þeim á örvæntingarfullum blaðamannafundi í Danmörku. Og átti víst fundi með Davíð Oddssyni og Geir Haarde í aðdraganda hrunsins þar sem Davíð virðist nánast hafa verið í hlutverki Kassöndru úr grísku goðafræðinni, en sú bölvun hvíldi á Kassöndru að hún sá allt fyrir en enginn trúði spádómum hennar (sem sýnir aftur hversu rangur maður Davíð var sem Seðlabankastjóri).

En Ingibjörg Sólrún gerði líka ýmislegt vel í ráðherratíð sinni, stöðvaði smánarlegan stuðning Íslendinga við Íraksstríð Bushstjórnarinnar, fordæmdi framferði Ísraelsmanna, beindi utanríkisstefnu landsins frá áralangri fylgispekt við Bandaríkjamenn og leitaði samhljóms við frændþjóðir.

(Reyndar er það ráðgáta hvers vegna svo mikil fremd þykir að vera utanríkisráðherra – er það ekki leif frá þeirri tíð þegar stórkostleg upphefð þótti að geta farið til útlanda og fengið bjór og Toblerone?)

Brást Ingibjörg Sólrún? Hefur hún fyrirgert foringjahlutverki sínu? Sjálfum finnst mér full snemmt að dæma það úr um það.

Fyrri ríkisstjórn var ekki snjallræði þó að svo kunni að hafa virst að hún væri sú eina sem staðan bauð upp á eftir óljós úrslit síðustu kosninga, og flestum hafi virst þá sem þau Geir Haarde og ISG sýndu þroska og stjórnvisku að gera hið besta úr snúinni stöðu. En þetta var pattstjórn. Ákvörðunum var slegið á frest í uppgerðarsamlæti afla sem eiga að takast á og vera okkur kjósendum andstæðir valkostir. Hafi stjórnin haft eitt sögulegt hlutverk var það að koma Íslandi í ESB og leiða okkur frá Laissez-faire-stefnu Davíðstímans – frjáls-æðinu – en það var greinilega til of mikils mælst. Sjálfstæðismenn voru ekki tilbúnir. Ekki heldur að halda áfram á Davíðsbraut. Það var eins og þeir segðu í sífellu: Æ getum við ekki talað um þetta á morgun…

Einna jákvæðast við næstu kosningar er að flokkarnir komast ekki lengur upp með þann dónaskap við okkur kjósendur að „ganga óbundnir til kosninga“. Skýrir valkostir eru nú í fyrsta sinn síðan 1956: Annaðhvort vinstri stjórn Samfylkingar og VG eða hægri stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Þegar Höskuldur hugðist sýna Sigmundi Davíð hver væri sterki maðurinn í litla hægriflokknum var útkoman að sjálfsögðu sú að Framsókn verður ekki treyst til annars en gamalkunnra refja.

Brást Ingibjörg Sólrún? Hún brást að minnsta kosti við. Hún sagði af sér ráðherradómi og skapaði nýja stjórn áður en hún fór heim að sofa. Hún reyndi að starfa af heilindum í vonlausri ríkisstjórn en tók af skarið um síðir og sýndi hvers konar leiðtogi hún er: leiðtogi sem hlustar – og bregst við.

Slíkur leiðtogi á að minnsta kosti rétt á því að bera það undir kjósendur hvort þeir vilja veita henni brautargengi.

# Er 20% skuldaniðurfelling lausnin?

**UMRÆÐAN**

Árni Páll Árnason skrifar um skuldaniðurfellingu



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

Við þurfum í kjölfar efnahagshruns að laga skuldabyrði heimila og fyrirtækja að greiðslugetu þeirra og þeirri verðmætasköpun sem líkleg er til að standa undir endurgreiðslu skulda til lengri tíma litið. Vegna almennrar eignabólu í landinu á undanförnum árum er ljóst að verulegar skuldir þarf að afskrifa. Spurning er hvernig það verði best gert.

Hugmyndir um almenna skuldaniðurfellingu eru óskynsamlegar og hættulegar efnahagslegum stöðugleika. Slíkar hugmyndir gagnast best þeim sem mest skulda og verðlauna þannig með óeðlilegum hætti óábyrga skuldasöfnun. Þær fela í sér miklar eignatilfærslur, því almenna skuldaniðurfellingu þarf óhjákvæmilega að fjármagna með ríkisframlögum og þannig með sköttum. Það er ekki svo að peningar sem hægt er að nýta í þetta verkefni hafi orðið til úr engu með afslætti frá kröfuhöfum í gömlu bankana við tilfærslu eigna úr gömlum bönkum í nýja. Sá afsláttur er ætlaður til að mæta raunverulegu útlánatapi en ekki til að gera Framsóknarmönnum kleift að gera sumum greiða á kostnað annarra. Ef sá háttur verður hafður á munu erlendir kröfuhafa auðvitað með réttu kalla eftir riftun þeirra skuldaskila sem þeim yrði gert að sæta að þessu leyti.

Þá er líka ósvarað spurningunni hvers vegna maður sem skuldar 150 milljónir eigi að fá 30 milljónir af almannafé í meðgjöf, en maður sem skuldar 25 milljónir í hóflegri íbúð að fá 5 milljónir af almannafé? Leið þessi leysir heldur ekki úr vanda þess sem fyrr var nefndur og tryggir ekki úrlausn vanda fólks sem ekki getur greitt af hóflegri íbúð vegna atvinnumissis annarrar eða beggja fyrirvinna. Eftir sem áður getur sá hópur staðið frammi fyrir fjöldagjaldþroti. Þess vegna þarf raunverulegt úrræði á borð við greiðsluaðlögun, til að auðvelda sem flestum að standa við skuldbindingar sínar.

Eftirgjafarleiðin er því villuleið. Hún kann að henta sendisveinum stóreignahópa í Framsókn og Sjálfstæðisflokki, en hún gagnast ekki venjulegu fólki.

*Höfundur er alþingismaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# MARS-TILBOÐ



## IQ-CARE

**King**
Áður 269.900
**Nú 199.900**

**Cal. King**
Áður 269.900
**Nú 189.900**

**Queen**
Áður 189.900
**Nú 149.900**




Sá nýjasti og besti frá Leggett
2x90 x 200 cm. Áður 684.900
**Nú 499.000**

## FERMINGARTILBOÐ

**Beauty Sleep**
TwinXL 97x203 cm **kr. 59.900**
120x200 cm frá **kr. 69.900**
**IQ-CARE**
100X200 cm **kr. 99.900**

## PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
2x80x200 cm. Áður 384.900
**Nú 279.900**

**30% afsláttur**
af fylgihlutum við dýnukaup



**20-50% afsláttur**
af völdum vörum




AKUREYRI

Svefn & heilsa
★★★★★




REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

JON BON JOVI ER 47 ÁRA



*„Trúðu á ástina. Trúðu á töfra. Trúðu líka á jólasveininn. Hafðu trú á öðrum og trú á sjálfum þér. Trúðu á drauma þína. Því hver annar ætti að gera það ef ekki þú sjálfur?“*

***Ítalsk-ameríski rokkarinn Jon Bon Jovi sló í gegn með hljómsveitinni Bon Jovi í kjölfar plötunnar Slippery When Wet árið 1986.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. MARS 1940

## *Herflugvél ræðst á ísfirskan togara*

Fyrsta loftárásin á íslenskt skip í seinni heimsstyrjöldinni var gerð 2. mars fyrir 69 árum.

Þá var togarinn Skutull frá Ísafirði á siglingu í Norðursjó, skammt á undan breskri skipalest.

Þótt togarinn væri með fullum siglingaljósum, til merkis um að hann væri frá hlutlausri þjóð, varpaði þýsk flugvél að honum sprengju, og skaut hún einnig úr vélbyssum í átt til hans.



Ekkert af þessu hæfði þó Skutul og þegar þýska herflugvélin bjó sig undir aðra árás á ísfirsku sjómennina komu tvær breskar orrustuvélar úr háloftunum og hröktu Þjóðverjana á brott. Skemmdir urðu því engar á togaranum Skutli og ekki varð heldur manntjón um borð.

Þetta var fyrsta loftárásin af mörgum á íslensk skip á stríðsárunum, en einnig var ráðist að þeim úr kafbátum í undirdjúpunum. Í síðari heimsstyrjöldinni felldu Þjóðverjar tugi íslenskra sjómanna á hafi úti með árásum sínum, þótt fólk í landi yrði ekki fyrir miklum skakkaföllum af þeirra hendi. Á sama tíma fórst fjöldi útlenskra skipa við Ísland, bæði eftir loftárásir sem og í hrakningum og fárviðrum.

## MERKISATBURÐIR

**1825** Fyrsta óperan sungin opinberlega á ensku í New York.

**1923** Tímaritið Time gefið út í fyrsta sinn.

**1927** Babe Ruth verður hæst launaði hafnaboltaspilari sögunnar.

**1956** Bandarísk herflutningavél með sautján mönnum hrapar í sjóinn út af Reykjanesi.

**1957** Heilsuverndarstöðin í Reykjavík vígð.

**1970** Ródesía verður sjálfstætt ríki.

**1977** Jay Leno birtist í fyrsta sinn í Tonight Show, með stjórnandanum Johnny Carson.

**1982** Bíóhöllin í Mjódd hefur starfsemi, með sex sýningarsali.




*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Laufey Torfadóttir**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Grund, Landakotsdeild aðfaranótt 27. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðrún G. Bergmann**
**Guðni Guðjónsson** **Hrafnhildur Steingrímsdóttir**
**Hermann Guðjónsson** **Guðný Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Kristján Björnsson**
efnaverkfræðingur, Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítalanum Hringbraut fimmtudaginn 26. febrúar.

**Lovísa H. Björnsson**
**Árni Gunnarsson** **Daniela Ilea Gunnarsson**
**Rannveig Gunnarsdóttir** **Tryggvi Pálsson**
**Sigurjón Gunnarsson** **Sigríður Olgeisdóttir**
**Gunnar Örn Gunnarsson** **Olga Bergljót Þorleifsdóttir**
**Halldór Gunnarsson** **Anna Persson**
**Þórarinn Gunnarsson** **Berglind Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, sonar, föður, tengdaföður og afa*

**Sigbjörns Gunnarssonar**
sveitarstjóra.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki lyflækningadeilda Sjúkrahússins á Akureyri fyrir einstaka umönnun og Valgerði Valgarðsdóttur djákna fyrir elskusemi í okkar garð. Guð veri með ykkur öllum.

**Guðbjörg Þorvaldsdóttir**
**Guðrún Sigbjörnsdóttir**
**Hildur Björk Sigbjörnsdóttir** **Stefán Geir Árnason**
**Guðrún Ýr Sigbjörnsdóttir** **Magnús Jónsson**
**Þorvaldur Makan Sigbjörnsson** **Katrín Jónsdóttir**
**Rósa María Sigbjörnsdóttir**
**Björn Þór Sigbjörnsson** **Ástríður Þórðardóttir**
**Jökull Starri, Sölvi, Egill Darri, Hrafnhildur Ýr, Eva María og Auður Ýr.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**GALSAFULL GÆFUMANNESKJA** Ilmur framan við listaverk á vegg húss hennar eftir graffitilistamenn úr nágrenninu. Í augum Ilmar sýnir verkið eiginmann hennar, Val Frey Einarsson leikara, orðinn gamlan mann á veiðum í baðkari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ILMUR MARÍA STEFÁNSDÓTTIR MYNDLISTARKONA: FÆDD FYRIR FJÖRUTÍU ÁRUM

# Er þræll síns eigin afmælis

„Ég er algjör gæfumanneskja og þótt stundum fari eitthvað úrskeiðis hef ég valið að fara brosandi í gegnum lífið,“ segir afmælisbarn dagsins, Ilmur María Stefánsdóttir myndlistarkona. Ilmur er fædd í bítlabænum Keflavík veturinn 1969, en segist skorta almennan íþróttaáhuga Keflvíkinga til að vera sönn sem slík, auk þess sem hún átti aldrei bleikan jogginggalla eins og jafnöldrur hennar á þeim árum.

„Ellefu ára flutti ég til Reykjavíkur og féll þá betur í fjöldann,“ segir Ilmur og minnist dagsins þegar hún stóð á tvítugu. „Þá fékk ég gamaldags, svarthvíta og ógnarstóra ljósmynd af vinum mínum Evu Maríu Jónsdóttur, Nönnu Hlíf Ingvadóttur og Jóni Gauta Jónssyni í Charleston-kjólum og smóking við fornan flygil, alveg ægilega flott. Ég hafði frekar átt von á mynd af sjálfri mér, en með gjöfinni tryggðu þau að ég skyldi muna hverjir væru bestir vina,“ segir Ilmur brosmild, en árum saman dröslaðist hún með myndina á milli heimila sinna. „Mér þótti vænt um þessa mynd þótt baklandið væri spaugilegt, en seinna hvarf hún á dularfullan hátt og hefur ekki sést síðan.“

Ilmur segist samviskusamlega hafa haldið upp á afmælisdag sinn, þar til fyrir sjö árum að hún eignaðist dreng tveimur dögum fyrr. „Síðan hef ég leyft honum að njóta síns afmælisdags, staðráðin í að halda mitt tveimur dögum síðar, en þá er helst að ég skelli í lummur og láti boð út ganga að ég standi við stóna. Það er einfalt, utan hvað maður þarf sífellt að hræra í nýtt deig og baka meira, en mér finnst það persónulegra en að láta stjana við mig á veitingahúsi og vil miklu frekar vera þræll míns eigin afmælis,“ segir Ilmur kát í bragði.

Hún segir góða tilfinningu að standa á fertugu. „Mér finnst það góð áminning um að halda áfram á sömu braut og halda mínu striki. Ég hef því tekið tímamótaákvörðun um að halda áfram að mæta of seint alls staðar, brjóta ekki saman þvottinn, búa áfram til myndlist og leikhús, og vera ég sjálf með kostum og göllum. Ég gerði það sem mig dreymdi að gera, að læra myndlist, og var seinna með afbrigðum dugleg að hlaða niður börnum, sem ég er ótrúlega hamingjusöm með, því nú á ég fjögur. Það hefði verið gaman að læra meira á hljóðfæri, en ég svala tónlistarþránni með frumstæðri hljóðfærasmíð, eins og físibelgjum og orgelpípum sem mér tekst að ná lagstúf úr,“ segir Ilmur og þvertekur fyrir að nú taki seinni helmingur lífsins við.

„Ég sé rosalega möguleika í framtíðinni og finnst ég eiga óskaplega mikið og langt eftir. Ég er ánægð að geta haldið áfram að vera barn og upplifi lífið æ skemmtilegra eftir því sem ég verð eldri. Ég legg mig fram um að njóta hvers dags, bæði í starfi sem og heima, því það er svo óviðjafnanlega gaman er að vera svona mörg. Ég er galsafull og líður vel þar sem er erill og líf, og finnst gott að eiga barnunga dansfélaga í stofunni, þótt vitaskuld sé fjölskyldustreðið á köflum erfitt líka, eins og lífið sjálft. Ég finn bara að ég á mér yndislegar kringumstæður.“

Aðspurð, og bjartsýn um að þremenningarnir úr tvítugsafmælinu lesi greinina, segist Ilmur óska sér gjafaferðar á myndlistartvíæringinn í Feneyjum með sínum heittelskaða.

„Í framtíðinni ætla ég svo að gera enn meira af því sem ég kann ekki, þori ekki og veit ekkert um, því þannig held ég áfram að bæta við sjálfa mig. Það upplifi ég sem sterkasta framvinduaflið og mest spennandi ögrunina.“ **thordis@frettabladid.is**




*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Regína Jónsdóttir**
Lilla, Merkigili 26, Akureyri,

sem lést mánudaginn 23. febrúar á Sjúkrahúsinu á Akureyri verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 3. mars kl. 13.30.

**Regína Hákonardóttir** **Gunnar Sveinarsson**
**Ingibjörg Fanney Hákonar.** **Óli Rúnar Ólafsson**
**Helga María Stefánsdóttir** **Ásmundur Guðjónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólöf Jóhannsdóttir**
áður til heimilis Álfaskeiði 64,

sem lést á Sólvangi 23. febrúar sl., verður jarðsett frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 3. mars kl. 13.00.

**Ingi J. Marinósson** **Sigurður Hallgrímsson**
**Erla Eiríksdóttir** **Elva Guðmundsdóttir**
**Eiríkur Sigurðsson** **Manfred Weiss**
**Guðríður S. Weiss** **Már Sigurðsson**
**Ólöf Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst 6. mars n.k.



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414



;ALLT MATUR

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María 512 5473

Hugi 512 5447



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Freyja Gylfadóttir undir Fjallasúrmjólk föður síns, með heimilishundinn Stubb í fanginu, en hann er eins árs og af tegundinni Border Terrier, sem er sterkbyggð en fremur smávaxin og þykir einkar geðgóð sem félagi á heimili. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fjallasúrmjólk frá pabba bundin miklum örlögum

**Þjóðlífið tekur örum breytingum, en mannfólkið öllu hægari, í það minnsta þegar kemur að skoðunum á landsins gagni og nauðsynjum, eins og sjá má í áleitnu en sígildu viðfangsefni myndar Gylfa Gíslasonar.**

„Þetta verk heitir Fjallasúrmjólk og er eftir pabba minn, Gylfa heitinn Gíslason myndlistarmann. Það er eitt af hans þekktustu og mikilvægustu verkum, en í grunninn notar hann þekkt landslagsverk frá Þingvöllum eftir Kjarval sem heitir Fjallamjólk og bætir við þremur súrálsturnum sem rísa upp úr landslaginu og speglast í tærri lindinni," segir ljósmyndarinn Freyja Gylfadóttir um þann húsmun á hennar heimili sem henni er hjartfólgnastur.

„Pabbi teiknaði Fjallasúrmjólk árið 1973. Myndin var ádeila á álverið í Straumsvík sem formlega hafði verið vígt og tekið í notkun þremur árum áður, en á jafnvel enn meira erindi í endalausri álvæðingu okkar í dag, enda við á kolrangri braut í henni eins og svo mörgu öðru. Annað verk hans, og nánast eins, frá árinu 1971 er í eigu Listasafns Íslands," segir Freyja sem deildi skoðunum með föður sínum og er andvíg álverum í íslenskri náttúru. Myndin á því vel heima hjá Freyju.

„Verkið er í öndvegi stofu minnar og vekur bæði athygli gesta, sem og margræðar tilfinningar hjá sjálfri mér, því 1. febrúar árið 2000 kom pabbi með það færandi hendi og gaf mér á sængina, þegar ég var að eignast mitt eina barn. Það var því mikill gleðidagur, bæði að fá þessa mynd og eignast strákinn, en svo ótrúlega merkileg örlög að upp á dag, nákvæmlega sex árum síðar, þann 1. febrúar 2006, varð pabbi bráðkvaddur á afmælisdegi sonar míns. Þá fékk þessi annars merkisdagur á sig sorgarblæ í bland við gleðilegt upphaf hans og tilefni. Verkið hefur því enn meiri þýðingu fyrir sjálfa mig nú, sem og sjálfsagt son minn þegar fram líða stundir."

Freyja rekur ljósmyndastofuna Studio 101 þar sem alltaf er í nógu að snúast við portrett-myndatökur af lífsins stóru tilefnum, hvort sem það eru fermingar, brúðkaup, fjölskyldu- eða barnamyndatökur.

„Kreppan hefur haft lítil áhrif á starfsemi stofunnar, enda viðfangsefnið dýrmætt. Fólk vill síður fresta myndatökum á stærri stundum lífsins, eða af uppvexti barna sinna, því tíminn eirir engu né stendur nokkurn tímann í stað."

*thordis@frettabladid.is*


BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins

Smurþjónusta
15% afsláttur
olís
Nýttu tækifærið, 15% afsláttur af smurvinnu.

Tilboð á teflonbóni
Láttu okkur um þrifin
SÆKJUM & SENDUM



Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Alþrif og teflon
Bón
Djúphreinsun
Mössun
Mössun
Dekkjahótel
Rafgeymar
Perur
Rúðuþurkur
Bremsuklossar
Sækjum og sendum
Flestar stærðir dekkja á lager

BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

# Þarft þú að STÆKKA eða MINNKA við þig?

….nú eða bara selja beint!

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Einar Guðmundsson lögg. fasteignasali

**Sími 530 6500**
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti. **Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa þrír öflugir löggiltir fasteignasalar,með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

heimili FASTEIGNASALA



# fasteignir

2. MARS 2009



## Stórhús

sérhæfð fasteignamiðlun

Sigurbergur Guðjónsson, hdl og lögg.fasts. Sími: 534-2000
Hrafnhildur Bridde, lögg.fasts. Sími: 821-4400
Svava Hólmarsdóttir, sölufulltrúi. Sími: 898-3023



**LAUSAR ! SKIPTI ! HÖRÐUKÓR 3, KÓPAVOGUR.**

Nýjar 4ra herb.íbúðir 116-127 fm í glæsilegu 12.hæð fjölbýlishúsi í Kópavogi. Íbúðirnar eru fullbúnar án gólfefna fyrir utan bað. Lyfta. Bílskýli fylgir nokkrum. **ÁHV. 20.MILLJ. ÍBÚÐALSJ.LÁN. MÖGULEG SKIPTI Á MINNI EIGN. VERÐ FRÁ 29-33,6 MILLJ. EINSTAKT TÆKIFÆRI ! Svava s: 898-3023**



**LÉTT KAUP Í KAUPMANNAHÖFN. GULLIÐ TÆKIFÆRI !**

Tæplega 200 fm glæsileg íbúð rétt við Ráðhústorgið. Nýlegar innréttingar. Íbúðin selst með húsgögnum. **Létt kaup aðeins 15% útborgun t.d pen + bíll og yfirtaka á lánum. Hafðu samband og við finnum flöt að góðu samkomulagi. Ásgeir s: 896-7414**

Bæjarlind 4 • 201 Kópavogi • sími 534 2000




Húsið sem stendur við Stekkjarflöt hefur verið mikið endurnýjað.

# Stór verönd til suðurs

**Fasteignamarkaðurinn er með til sölu 184,3 fermetra einbýlishús á einni hæð með bílskúr neðst á Flötunum í Garðabæ við íþrótta- og skólasvæðið.**

Komið er inn í flísalagða forstofu með góðum fataskápum. Hol er parketlagt og með geymslu inn af. Stofurnar eru stórar og bjartar, parketlagðar og með útgangi á stóra og skjólgóða verönd til suðurs. Eldhúsið er rúmgott, parketlagt og með borðaðstöðu. Eikarinnréttingar eru í eldhúsi með flísum á milli skápa og tengi fyrir uppþvottavél. Inn af eldhúsi er bakinngangur í húsið og rúmgott þvottaherbergi með innréttingum, gluggum og útgangi á lóð. Svefngangur er parketlagður og með fataskápum. Baðherbergið er rúmgott og með glugga, flísalagt í gólf og veggi og með stóru baðkari með sturtuaðstöðu og glervegg. Hjónaherbergið er rúmgott, parketlagt og bæði með fataherbergi og baðherbergi inn af. Baðherbergið er með glugga, flísalagt í gólf og veggi og með sturtuklefa. Tvö stór parketlögð barnaherbergi með fataskápum.

Bílskúrinn er með rafmagni, hita, rennandi vatni, gluggum og innréttingum. Að utan er húsið í góðu ástandi og lóðin falleg og ræktuð. Innkeyrsla er nýleg og með hitalögnum.


## NÝ RAÐHÚS Á ÓTRÚLEGU VERÐI



Vorum að fá í sölu sex ný 172,5 fm raðhús sem verða afhent fullbúin með innréttingum og gólfefnum í apríl nk á verði sem ekki hefur sést í langan tíma. 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi - hvítar innréttingar, eikarparket og flísar á gólfi. **Áhv. eru 20 millj. kr. ÍLS lán. Skipti á minni eign skoðuð! V. frá 37,5 m. 4527**

## Litlikriki - 219 fm einbýlishús





Mjög flott 219 fm einbýlishús á einni hæð, þar af 42 fm bílskúr við Litlakrika 28 í Mosfellsbæ. 4 rúmgóð svefnh., sjónvarpshol, baðherbergi, gestasalerni, stofa og stórt eldhús. Fallegar innréttingar og vönduð eldhústæki. Hér er fullbúið einbýlishús á mjög góðu verði. **Skipti á minni eign skoðuð! V. 51,9 m. 4351**

## Þrastarhöfði - 3ja herbergja





Glæsileg 88,4 fm, þriggja herbergja íbúð á annari hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Þrastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ, ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er mjög glæsileg með fallegum og vönduðum innréttingum. Parket og náttúruflísar eru á gólfum. **V. 24,9 4515**

## EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ



Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár *í Mosfellsbæ*

Félag Fasteignasala

Sími: 586 8080 • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • www.fastmos.is

## 3ja herbergja



**Fálkahöfði 8 -** Falleg 91,2 fm, 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á 3. hæð við Fálkahöfða 8 í Mosfellsbæ. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Stórar svalir í suðvestur með miklu útsýni yfir Reykjavík og sundin. **V. 20,9 m. 4509**



**Fálkahöfði - 3ja herbergja** Falleg 103,9 fm, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð í 3ja hæða fjölbýli við Fálkahöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús með borðkrók, þvottahús, tvö rúmgóð herbergi, baðherbergi og sérgeymslu **Frábær staðsetning! V. 23,9 m. 4213**



**Tröllateigur - 3ja herbergja** Falleg 121,9 m2, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara í glæsilegu fjölbýli við Tröllateig í Mosfellsbæ. Vönduð og fallega innréttuð íbúð með fallegu útsýni til suðvesturs. Eikar parket og ljósar flísar eru á gólfum, innihurðar og inn-réttingar eru spónlagðar með eik. **V. 26,9 m. 4517**

## 4ra herbergja



**Þverholt** Vel staðsett íbúð á 3. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Þverholt 11 í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er skráð 114,8 m2 en auk þess er risloft sem ekki telst í m2 tölu íbúðarinnar. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi. **Áhvílandi ca. 23,5 m. 1 miljón út og yfirtaka á lán! V. 24,5 m. 4523**

## Reykjavík



**Þórðarsveigur** Mjög falleg 105 fm endaíbúð á efstu hæð í 4ra hæða lyftuhúsi við Þórðarsveig 2 í Grafarholtinu. Bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. Í Íbúðinni eru tvö rúmgóð svefnherbergi og sjónvarpshol (sem auðveldlega er hægt að breyta í herbergi) **Þetta er falleg og vönduð íbúð með glæsilegu útsýni! V. 31,9 m. 4511**



**Dvergaborgir - 3ja herbergja** Falleg og rúmgóð 79,3 fm, 3ja herbergja endaíbúð með sérinngangi á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Dvergaborgir í Grafarvogi. Úr íbúðinni er fallegt útsýni til norðurs, yfir sundin og að Esjunni. **V. 20,5 m. 4513**

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**

**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**

*Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.*

## ATVINNUHÚSNÆÐI TIL LEIGU



### Laugavegur-Verslunar –og skrifstofuhúnæði

**Til leigu um 405 fm verslunar - og lagerrými á jarðhhæð**. Laust til afh. strax. Mikil lofthæð og góðir verslunargluggar.
**-Til leigu 490,6 fm skrifstofuhæð.** Hæðin er mikið endurnýjuð. Getur mögulega leigst með öllum húsbúnaði og skilrúmum í opnum vinnurýmum. Laust til afh. strax.



### Síðumúli- skrifstofuhæð

Til leigu björt og rúmgóð 155,4 fm skrifstofuhæð á 2. hæð. Aðkoma að hæðinni um góðan stigagang. Húsnæðið skiptist í opið rými, 3 góðar skrifstofur og fundarherbergi auk eldhúss og salerna. Góð lýsins og tölvulagnir í öllum herbergjum.Næg bílastæði á lóð.



### Skúlagata - skrifstofuhæðir

Til leigu glæsilegar skrifstofuhæðir í nýlegu lyftuhúsi á frábærum útsýnisstað í miðborginni. Um er að ræða hálfa 2. hæð, alla 3. hæð og alla 4. hæð hússins, samtals 1.132 fm að stærð. **Á 2. hæð** er sameiginleg móttaka, 4 afstúkaðar skrifstofur og opið vinnurými. **Á 3. hæð** eru 9 afstúkaðar skrifstofur, móttaka, fundarherbergi og opin vinnurými. **Á 4. hæð** er stór salur með mikilli lofthæð sem nýttur hefur verið sem fundarsalur og mötuneyti með eldhúsi. **Eignin getur leigst í heilu lagi eða hlutum.**



### Borgartún- skrifstofuhæð

Til sölu eða leigu 589,3 fm vistleg og nýlega uppgerð skrifstofuhæð á 4. hæð (efstu) með 40-45 vinnustöðvum sem auðvelt er að skipta í minni einingar. Gluggar eru á öllum hliðum auk tveggja turnrýma í sitthvorum endanum. **Lyfta í húsinu og sameign öll nýlega tekin í gegn. Næg bílastæði. Útsýni.**



### Skógarhlíð – skrifstofuhúsnæði

Til leigu um 100 fm skrifstofuhúsnæði á 3.hæð í þessu vel staðsetta lyftuhúsi við Skógarhlíð. Leigurýminu fylgir að gangur að fundarherb. á 1. og 5. hæð. Nánari uppl. á skrifstofu.



### Síðumúli- skrifstofuhæð

Til leigu 332,4 fm skrifstofuhæð á 3. hæð auk 68,9 fm millilofti. **Möguleiki að leigja í smærri einingum. Gluggar á öllum hliðum, góð lýsing og tölvulagnir í öllum herbergjum. Næg bílastæði. Leigist með eða án húsgagna.**



### Tjarnargata.

Mjög fallegt og mikið upprunalegt 232,1 fm einbýlishús á þessum fallega stað við Reykjavíkurtjörn. Húsið sem er kjallari, tvær hæðir og geymsluris er í dag innréttað sem tvær íbúðir. Eignin skiptist m.a. í samliggjandi skiptanlegar stofur með skála útaf og útgangi á lóð, 4 herbergi, eldhús og baðherb. auk þvottaherb. og sér 2ja herb. íbúðar í kjallara.
**SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN. VERÐTILBOÐ**

**ELDRI BORGARAR**



### Miðleiti-2ja herb.

Góð 81,9 fm íbúð á 3. hæð í þessu eftirsótta lyftuhúsi fyrir 55 ára og eldri. Stórar og skjólgóðar flísalagðar svalit til suðurs.búðinni fylgir sér stæði í upphitaðri bílageymslu, hlutdeild í matsal, leikfimisal, gufubaði o.fl. **Verð 31,9 millj.**

**ELDRI BORGARAR**



### Lindargata-2ja herb.

Góð 52 fm íbúð á 4. hæð í nýlegu lyftuhúsi fyrir 67 ára og eldri. Stofa með opnu eldhúsi, 1 herb. og baðherb. með sturtu og þvottaaðstöðu. Svalir í vestur. Sér geymsla á neðstu hæð. Öll þjónusta og félagsþjónusta í húsinu. Húsvörður. **Laus strax. Verð 20,5 millj.**



### Þórsgata.

79,3 fm einbýlishús á þremur hæðum í Þingholtunum. Eignin er töluvert endurnýjuð. Gott útsýni frá rishæð. Einkastæði. **SKIPTI Á MINNI EIGN KOMA TIL GREINA. Laust strax. ÁHV. HAGSTÆÐ LÁN. Verð 30,9 millj.**



### Hryggjarsel.

Vel staðsett 230,1 fm einbýlishús að meðt. 74,4 fm aukaíbúð í kjallara m. sérinng. og 54,6 fm tvöf. bílskúr. Eignin skiptist m.a. í samliggjandi stofur, 4 herbergi, eldhús, rúmgott hol, baðherbergi og gesta snyrtingu auk sér íbúðar. Fallegur garður til vesturs. Hiti í stétt fyrir framan hús. **Skipti möguleg á minni eign.**



### Stekkjarflöt – Garðabæ

Glæsilegt 184,3 fm einbýlishús að meðt. bílskúr. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum t.d. eldhús, aðalbaðherbergi og gólfefni. Stórar og bjartar stofur og 3 svefnherbergi. Falleg ræktuð lóð. Skjólgóð verönd til suðurs. **Stutt í skóla og íþróttasvæði. Laust fljótlega. Verð 57,9 millj.**



### Andahvarf – Kópavogi. Glæsileg sérhæð.

Glæsileg 5 herb. 134,3 fm neðri sérhæð í tveggja hæða húsi á góðum útsýnisstað . Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Borðstofa opin við eldhús, rúmgóð stofa með útgangi á verönd til suðausturs, 3 rúmgóð herbergi og fallegt baðherbergi, flísalagt í golf og veggi. 25,1 fm bílskúr. **Verð 39,9 millj.**



### Kristnibraut - 5 herb.

141,9 íbúð á efstu hæð auk 15,0 fm sér geymslu í kj. og tveimur bílskúrum. Stórt eldhús með eyju og graníti á borðum, stórar stofur og 3 herbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Úr eldhúsi og stofu er útgangur á stóran þakgarð með frábæru útsýni yfir borgina og tengi fyrir heitum potti. **Verð 47,9 millj.**



### Baldursgata-efri hæð og ris.

Efri hæð auk rislofts í góðu steinhúsi í Þingholtunum. Eignin skiptist í stofu, eldhús, rúmgott herbergi og baðherbergi auk rislofts sem er opið rými í dag, en þar mætti innréttai herbergi og vinnuaðstöðu. Gaflgluggar eru á rislofti. **Verð 25,9 millj.**



### Lækjasmári-Kópavogi. Efri sérhæð og ris.

Glæsileg 262,3 fm sérhæð í tvíbýli auk stæðis í bílageymslu innst í lokuðum botnlanga. Vandaðar innréttingar. Eyja í eldhúsi. Svalir til vesturs út af stofum sem eru bjartar og rúmgóðar. **Stutt í skóla og íþróttasvæði. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 59,8 millj.**



### Fjarðarsel.

Fallegt 240,4 fm endaraðhús að meðt. 62,5 fm sér 2ja herb. íbúð í kjallara og 26,2 fm innbyggð bílskúrs. Húsið er tvær hæðir og kjallari og skiptist m.a. í samliggjandi stofur, sjónvarpsstofu, eldhús, 2 - 3 herb. auk séríbúðar. Ræktuð lóð og hiti í innkeyrslu. Arkitekt: Kjartan Sveinsson. **Laust til afh. strax. Verð 44,9 millj.**



### Geitland - 5 herb.

Góð 125,7 fm 5 herb. útsýnisíbúð á 2. hæð auk 4,8 fm geymslu í kj. Rúmgóðar og bjartar stofur og 3 herbergi. Stórar svalir til suðurs, fallegt útsýni yfir Fossvogsdalinn. Stigagangur nýlega tekinn í gegn. **Verð 34,9 millj.**



### Leifsgata.

4ra herb. 99,0 fm útsýnisíbúð á tveimur hæðum, sem er í dag tvær 2ja herb. endurnýjaðar íbúðir auk bílskúrs og sér geymslu í kj. Möguleiki að leigja út bílskúr sem íbúðarrými. **VEL STAÐSETT OG MIKIÐ ENDURNÝJUÐ EIGN SEM HEFUR MIKLA ÚTLEIGUMÖGULEIKA.**



### Austurberg- 4ra herb.

85,8 fm útsýnisíbúð á 4. hæð ásamt 17,9 fm bílskúr. Björt stofa með útgengi á suðursvalir, rúmgott eldhús og 2 góð herbergi. Stutt í skóla, íþróttasvæði og flesta þjónstu. **Verð 19,9 millj.**



### Álfatún-Kóp. 4ra herb.

Glæsileg 100,7 fm útsýnisíbúð á efstu hæð auk 25,8 fm bílskúrs. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. gólfefni, innrétting og tæki í eldhús8i, baðherbergi, raflagnir o.fl. Skjólgóðar svalir til suðurs. Sameiginl. þvottaherb. á hæðinni. Nánari uppl. á skrifstofu.



### Perlukór-Kópavogi.

Glæsilegt 219,3 fm einbýlishús á einni hæð með innb. 44,8 fm bílskúr á fallegum útsýnisstað við Elliðavatn. Eignin er vel skipulögð og innréttuð á vandaðan hátt. Björt og rúmgóð stofa, eldhús með sérsmíðari innréttingu, sjónvarpshol, 4 svefnherbergi, fataherergi innaf hjónaherbergi og vandað baðherbergi auk gesta snyrtingar. Stór timburverönd til suðurs og fallegt útsýni út á Elliðavatn. Stutt í skóla. **Verð 69,0 millj.**



### Fellsmúli-3ja herb.

89,0 fm íbúð á 2. hæð auk 4,9 fm geymslu í kj. Góðar suðursvalir út af stofu. Bílaplan nýlega endurnýjað. **LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. Verð 19,5 millj.**



### Orrahólar. 3ja herb. útsýnisíbúð

Vel skipulögð 92 fm íbúð á 7. Hæð, efstu, í góðu lyftuhúsi þ.m.t. sér geymsla í kj. Suðursvalir. Frábært útsýni er úr íbúðinni til suðurs, austurs og norðurs. Þvottaherb. á hæðinni. **LAUS STRAX. Verð 19,5 millj.**



### Hallakur-Garðabæ. 3ja herb.

Glæsileg og björt 113 fm íbúð á 1. hæð að meðt. 11,9 fm geymslu í nýlegu fjölbýli á Arnarneshæðinni. Svalir í há suður út af stofu. Eldhús og baðherbergi með fallegum eikarinnréttingum. Hiti í gólfi á baðherb. og þvottaherb. **Sérinngangur af svölum. ATH. ÁHV. UM 26,0 MILLJ. Verð 27,5 millj.**



### Breiðavík-3ja – 4ra herb. m bílskúr.

Góð 131 fm íbúð á 3. hæð auk sér geymslu og 19,2 fm bílskúrs. Rúmgott eldhús með útbyggðum gluggum, 2 rúmgóð herbergi, sjónvarpshol og stór stofa. Eikarparket og flísar á gólfum. **Stutt í skóla. Verð 33,5 millj.**



### Freyjugata

137,2 fm tvílyft einbýlishús í Þingholtunum sem þarfnast lagfæringa. Húsið er rúmlega fokhelt í dag og selst í núverandi ástandi. **21 MILLJ. ÁHV. FRÁ ÍBÚÐAL.SJ. MÖGULEIKI AÐ SETJA BÍL UPP Í KAUPVERÐ. Verð 28,5 millj.**

### Seltjarnarnes – einbýlishús.

Glæsilegt 199 fm einlyft einbýlishús með innb. bílskúr. Eignin var nánast öll endurnýjuð fyrir nokkrum árum á vandaðan og smekklegan hátt. Lóð nýlega endurnýjuð með stórri verönd til suðurs. **Verð 67,0 millj.**

### 17 júní torg- Sjálandi Garðabæ.

Glæsilegt 66 íbúða fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ, ætlaðar fólki 50 ára og eldri. Um er að ræða 2ja og 3ja herb. íbúðir frá um 74,0 fm upp í um 131,0 fm. Bílageymsla fylgir flestum íbúðum. Vandaðar innréttingar frá Brúnás og vönduð tæki. Húsið er klætt að utan að mestu með litaðri álklæðningu. **Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikn. og nánari uppl. á skrifstofu. ATH. ÍBÚÐIRNAR GETA EINNIG FENGIST TIL LEIGU.**



### Hagamelur. 3ja herb.

70,4 fm íbúð á 2. hæð auk sér geymslu á jarðhæð í nýlega viðgerðu og máluðu fjölbýli í vesturbænum. Eldhús er nýlega endurnýjað og nýtt gler er í gluggum. Svalir til norðvesturs út af stofu. **Verð 23,0 millj.**



### Vesturgata. 2ja – 3ja herb.

Falleg og björt 2ja -3ja herb. 86 fm íbúð á 3. hæð að meðt. geymslu í kj. Hvítlakkaðar innréttingar í eldhúsi, 1 svefnherb. og rúmgóðar samliggj. stofur. Suðvestursvalir. Lyfta. **Verð 24,5 millj.**



### Rekagrandi- 2ja herb.

Góð 52,7 fm íbúð á jarðhhæð. Rúmgóð og björt stofa með útg. á timburpall með skjólveggjum í suðvestur. Sér geymsla og sameiginl. þvottaherb. á hæð. **Verð 17,9 millj.**



### Þórðarsveigur-2ja herb. laus strax.

62,5 fm útsýnisíbúð á 5. hæð í nýlegu lyftuhúsi í Grafarholti. Þvottaherbergi innan íbúðar. **GÓÐ ÚTSÝNISÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ MEÐ ALLA HELSTU ÞJÓNUSTU, SKÓLA OG NÁTTÚRUNA Í NÆSTA NÁGRENNI. ÁHV. LÁN FRÁ ÍLS UPP Á 13. MILLJ. Verð 16,8 millj.**

# EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

## Vantar 2ja herbergja íbúðir

Traustur kaupandi óskar 2ja herbergja íbúð í lyftuhúsi, helst í hinu nýja Akrahverfi í Garðabæ eða í Smárahverfi í Kópavogi. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign.
*Allar nánari upplýsingar veitir Magnús Geir Pálsson sölumaður í síma 588-9090 eða 892-3696*

## Lynghagi 11 - tvær íbúðir




Vel staðsett tveggja íbúðar einbýli við Lynghaga í Reykjavík. Um er að ræða 141,5 fm sérhæð, hæð og ris og 52,2 fm kjallaraíbúð. Heildarstærð er 213 fm. Við húsið er nýbúið að byggja sérstæðan bílskúr. Húsið er steinsteypt og byggt árið 1955. **EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17:00-18:00. V. 59,9 m. 4563**

## Hulduland- Fossvogur



Mjög gott 189 fm pallaraðhús í fossvoginum. Húsið sjálft er 167 fm og bílskúrinn er um 19 fm. Eignin er mjög vel staðsett í fossvoginum og er í góðu ástandi. Stutt er í skóla, leikskóla og helstu gönguleiðir. **V. 49,0 m. 4533**

## Sólheimar - Miðsvæðis í Reykjavík



Falleg 4ra herbergja 95 fm íbúð á jarðhæð í góðu fjórbýlishúsi við Sólheima í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, þvottahús, hol, eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, stofu og geymslu. **V. 24,5 m. 4547**

## Eskihlíð - gott áhvílandi lán



4ra herbergja björt og góð endaíbúð í húsi sem nýlega hefur verið standsett. Íbúðin skiptist í rúmgott hol, stofu, 3 rúmgóð herbergi, eldhús og bað. Í kjallara fylgir geymsla auk sam. þvottahús þar sem hver er með sína vél, hjólageymslu o.fl. Baðherbergi hefur nýlega verið endurnýjað. **Áhvílandi lán frá ÍLS upp á 17,7 millj. með 4,7% V. 24,5 m. 4554**

## Hæðarbyggð - Garðabæ



Glæsilegt einbýlishús með mjög góðu útsýni. Á neðri hæðinni er forstofa, tvöf. bílskúr, stór sólstofa "hobbýherbergi", þvottahús, baðherbergi og 2 herbergi - möguleiki er á sér íbúð á jarðhæð. Á efri hæðinni eru góðar vinkilstofur, rúmgott eldhús, 3 herbergi og baðherbergi. Húsið hefur mikið verið endurnýjað að utan m.a. steinað auk þess sem garðurinn hefur verið tekinn í gegn með grjóthleðslu og timburverönd. **V. 69,0 m. 4543**

## Tjarnarbraut 7 - Hafnarfirði



Vorum að fá í sölu Tjarnarbraut 7, sem er eitt af þessum glæsilegu og virðulegu einbýlishúsum í Hafnarfirði. Húsið stendur á frábærum stað við lækinn. Húsið er tvær hæðir, ris og kjallari, samtlas um ca 258 fm. Skipulag hússins er gott; á aðalhæð eru m.a. samliggjandi stofur og borðstofa, eldhús o.fl. Í húsinu eru auk þess m.a. 5 herbergi. Húsið er reisulegt og með fallegum gluggum. Fallegur garður með hellulagði verönd. Glæsileg eign á frábærum stað. **Möguleg skipti á minni eign V. 74,0 m. 4463**

## Klapparstígur



Snyrtileg 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi við Klapparstíg. Íbúðin skiptist þannig: forstofa, stofa, herbergi, eldhús og baðherbergi. Sér geymsla fylgir í kjallara. Sameginlegt þvottahús á hæðinni. Merkt stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. **V. 19,9 m. 4562**

## Hávallagata - Einstök staðsetning



Sérlega virðulegt og vel skipulagt einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara á mjög eftirsóttum stað. Húsið er í heild sinni skv. upplýsingum frá FMR 339,6 fm. Auk þess fylgir húsinu 25,5 fm bílskúr. Húsið er því samtals 365,1 fm. Húsið er staðsett fyrir ofan götu rétt við Landakotstún, rétt við skarkala miðbæjarins. **V. 110 m. 4557**

## Skrifstofuhúsnæði óskast

Traustur aðili óskar eftir 1000 – 2000 fm skrifstofuhúsnæði til kaups eða leigu. Æskileg staðsetning: Austurborgin.

*Allar nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali í síma 861-8514 eða Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltur leigumiðlari í síma 824-9098.*

## Einbýli



**Litlagerði - frábær staðsetning** Sjarmerandi einbýlishús við Litlagerði sem er vinaleg botnlangagata aftan við Bústaðakirkju. Um er að ræða töluvert endurnýjað hús á þremur hæðum. Mjög stór og góður 63,5 fm bílskúr fylgir eigninni. Garðurinn er stór, sólríkur og samgróinn skógarlundi í landi Reykjavíkurborgar. **4334**

## Hæðir



**Ásbúðartröð - 130 fm hæð** Vönduð og björt 130 fm efri hæð ásamt risi. Á hæðinni eru stofur, 3 herb., eldhús og bað en í risi eru 1-2 herb., þvh, geymslur o.fl. Glæsilegt útsýni. Nýl. hellulagt upphtiað plan. Íbúðin er nýlega standsett. **V. 28,9 m. 4498**



**Sæviðarsund - m. aukaíbúð** Mjög rúmgóð neðri 135,2 fm sérhæð ásamt aukaíbúð í kjallara. Bílskúrinn (36,6 fm) er nýttur sem sjónvarpsherbergi. Aukaíbúðin (44,4 fm) er góð tveggja herbergja með sérinngangi. Frábær staðsetning. Eign sem gefur mikla möguleika. **V. 42,5 m. 4474**



**Sigtún - Til sölu eða leigu** Glæsileg 120,3 fm 5 herbergja sérhæð í fjögurra íbúða húsi, ásamt 30,6 fm fullbúnum bílskúr með rafmagni, hita og vatni. Samtals heildarstærð eignarinnar er 150,9 fm.

## 4ra-6 herbergja



**Hjaltabakki** Mjög góð 4ra herbergja 91,1 fm íbúð á 2. hæð, ásamt 14,1 fm sér geymslu, samtals stærð 105, 2 fm. Íbúðin skiptist í 3 stór og góð herbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús og stór sér geymsla. **V. 18,9 m. 4566**



**Nönnugata - sjarmerandi íbúð** Einstaklega falleg og sjarmerandi 4ra herbergja 107,2 fm íbúð á tveimur hæðum með glæsilegu útsýni og þrennum svölum. Á neðri hæðinni er forstofa, eldhús og tvær samliggjandi stofur og svölum til suðvesturs. Á efri hæðinni er hol, tvö svefnherbergi, vinnuherbergi og baðherbergi og tvennar svalir. **V. 33,5 m. 4518**



**Reykás - einstakt útsýni** Góð fjögurra herbergja 124 fm íbúð með einstaklega fallegu útsýni yfir Rauðavatn. Húsið er vel við haldið og er til sölu eða leigu. **V. 24,0 m. 4523**

## 4ra-6 herbergja



**Spóahólar m. bílsk. samt. 149,2 fm** 5 herb. björt 127,9 fm endaíbúð ásamt 21,3 fm bílskúr í vel staðsettu hús. Fallegt útsýni. Barnvænt umhverfi. Sérþvottah. Stórar stofur. **V. 27,9 m. 4493**



**Breiðvangur- með bílskúr** Vel skipulögð 4ra herbergja enda íbúð á 4. hæð ásamt góðum bílskúr. Íbúðin er 129,2 fm og bílskúr 24,2 alls 153,4 fm. Þvottahús innan íbúðar. **V. 23,5 m. 4468**



**Sléttahraun 4.hæð - gott verð** Góð fjögurra herbergja 94,1 fm íbúð á 4. hæð í góðu fjölbýli í Hafnarfyrði. Íbúðin skiptist í 3 svefnherbergi, eldhús, stofu, bað og geymslu á jarðhæð. Sameignillegt þvottarhús er á hæðinni. Stutt er í helstu þjónustu. **V. 19,9 m. 4323**

## 3ja herbergja



**Kvisthagi - góður staður** Glæsileg lítið niðurgrafin kjallaraíbúð á mjög góðum stað. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús, geymslu, baðherbergi, tvær skiptanlegar stofur og tvö herbergi (annað herbergið er geymsla samkvæmt teikningu). Húsið er staðsett neðan götu og er m.a. sjávarsýn. **V. 25,9 m. 4440**



**Vesturberg - engin útborgun** Einstaklega falleg og öll endurnýjuð 78 fm þriggja herbergja íbúð á 1.hæð með stórri sólarverönd með skjólveggjum. Íbúðin skiptist í forstofugang, baðherbergi, hjónaherbergi, eldhús með borðkrók, barnaherbergi og stofu. **MÖGULEIKI Á 100% FJÁRMÖGNUN. V. 17,9 m. 4509**



**Blöndubakki** Falleg 3 herbergja íbúð með aukaherbergi í kjallara við Blöndubakka í Reykjavík. Eignin skiptist í hol, eldhús, stofu, tvö herbergi, búr, baðherbergi og þvottaherbergi. Aukaherbergi er í kjallara með aðgangi að sameiginlegri snyrtingu. **V. 22,9 m. 4352**



**Sólarsalir - glæsileg eign** Einstaklega glæsileg og vel skipulögð 3ja- 4ra herbergja 119,2 fm íbúð á jarðhæð götumegin en garðmegin er íbúðin á annari hæð. Sérlega vandaðar innréttingar. Gegnheilt eikarparket og "mustang" flísar setja mikinn svip á íbúðina - glæsilegt útsýni. **V. 29,9 m. 4301**



**Tjarnaból - mikið standsett** Mjög falleg og mikið standsett 3ja herb. íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi við Tjarnaból á Seltjarnarnesi. Íbúðin hefur verið standsett á smekklegan hátt m.a. eldhús, baðherbergi og gólfefni. **V. 22.5 m. 4298**

## 3ja herbergja



**Lundarbrekka - Til sölu eða leigu** Um er að ræða vel skipulagða 3ja herbergja 96,0 fm íbúð á 1. hæð (þ.a. er geymsla á jarðhæð óskráð hjá FMR 10,4 fm, samtals er því eignin skráð hjá FMR 86,5 fm). Mjög góð íbúð í Kópavogi. **V. 18,5 m. 7323**

## 2ja herbergja



**Hraunbær - fín íbúð** Mjög góð 2ja herbergja 59,2 fm íbúð á 2. hæð. Íbúðin skiptist hol, baðherbergi, eldhús, svefnherbergi og rúmgóða stofu. Góðar vestur svalir eru á íbúðinni. **V. 14,3 m. 4558**



**Grandavegur - sjávarútsýni** 2ja herbergja mjög falleg og rúmgóð 73,5 fm íbúð á eftirsóttum stað í þessu vinsæla lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í hol, svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, sér þvottahús og stóra stofu. Beykiparket er á öllum gólfum nema baðherbergi og þvottahúsi. Baðherbergi er nýlega endurnýjað. **V. 18,9 m. 4522**



**Víkurás - Laus strax - Gott verð** Tveggja herbergja 57 fm íbúð í Árbæ ásamt stæði í bílgeymslu skráð samtals 78,6 fm. Íbúð sem verið var að gera upp og vantar lokafrágang. Eignin skiptist í hol, baðherbergi, svefnherbergi, stofu, geymslu og sameiginlegt þvottahús. Lyklar á skrifstofu. **V. 14,5 m. 4512**

## Eignir óskast

**Einbýlishús í Vesturbæ eða Þingholtunum óskast** Traustur kaupandi óskar eftir 250-350 fm einbýlishúsi í vesturborginni eða þingholtunum. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign. **Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali í síma 861-8514**

**Hæð í Vesturbænum óskast** Traustur kaupandi óskar eftir, 5-6 herbergja 140 - 180 fm hæð, í Vesturbænum. **Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali í síma 861-8514 4527**

## Til leigu

**Hraunbær - 1. hæð** Ca 100 fm. 3 svefnherbergi. Mikið endurnýjuð. **Verð: 140 þús.**

**Hörðaland** 3-4 svefnherbergi, 1 stofa. Laust strax **Verð: 120.000**

**Flyðrugrandi** 4 svefnherbergi, 1 stofa. Glæsilegt útsýni. Öll gjöld innifalin. Laus strax. **Verð: 150.000**

**Síðumúli - skrifstofuhæð** Um það bil 400 fm á 3. hæð. 8 skrifstofur, fundarherbergi, kaffistofa, snyrtingar.

**Skúlagata - heil hæð** Glæsileg fullbúin ca 460 fm skrifstofuhæð á 3ju hæð í lyftuhúsi. **Verð: 1200-1350 pr fm. 4458**

**Borgartún** 1.585 fm skrifstofuhúsnæði. hægt að leigja í minni einingum. **Leiguverð 1300-1400 pr. fm. 4379**

**Skúlatún** 2 skrifstofurými á 3ju og 4 hæð sem eru hvort um sig 170 fm. **Leiguverð 1400-1500 pr. fm. 4377**

**Síðumúli - endurnýjað** 372 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð, hægt að leigja í þremur hlutum. **Leiguverð 1400-1450 pr. fm. 4419**

**Skipholt - lyfta** 338 fm skrifstofuhúsæði á 2. hæð - lyfta. **Leiguverð 1500 pr. fm eða tilboð. 4407**

# BÚSETI™

Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Búseti hsf. • Skeifan 19, 108 Reykjavík • Sími: 520 5788 • Fax: 533 5749 • www.buseti.is

**Lausar íbúðir til úthlutunar 11. mars. Umsóknarfrestur til og með 10. mars.**



Krristnibraut 65



Krristnibraut 63



Bollatangi



Blikaás



Bjallavað

| Staður | Íbúð nr. | Fm | Fj.herb | Teg. Íb. | Búseturéttur hámark | Búseturéttur lágmark | Búsetugjald | Afhending/losnar af ósk eiganda | Tegund láns |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akranes** | | | | | | | | | |
| Lerkigrund 7 | 102 | 80,0 | 3 | Fjölbýli | 4.942.630 | 3.897.415 | 78.246 | apríl / maí | Almenn lán |
| **Hafnarfjörður** | | | | | | | | | |
| Blikaás 19 | 202 | 114,0 | 4 | Fjölbýli | 2.377.836 | 1.618.604 | 131.800 | 1. apríl nk. | Almenn lán |
| Blikaás 19 | 103 | 110,1 | 4 | Fjölbýli | 2.290.741 | 1.791.951 | 127.136 | Sem fyrst | Almenn lán |
| Blikaás 19 | 203 | 119,8 | 5 | Fjölbýli | 2.495.310 | 1.486.900 | 138.230 | Fljótlega | Almenn lán |
| **Kópavogur** | | | | | | | | | |
| Arnarsmári 4 | 102 | 54,1 | 2 | Fjölbýli | 1.116.313 | 922.592 | 67.673 | 1. maí nk. | Almenn lán |
| **Mosfellsbær** | | | | | | | | | |
| Þverholt 13 | 403 | 82,6 | 3 | Fjölbýli | 2.345.336 | 1.588.075 | 112.708 | Samkomulag | Almenn lán |
| Bollatangi 18 | 101 | 121 | 5 | Raðhús | 2.146.412 | 1.470.690 | 112.928 | Fljótlega | Almenn lán |
| **Reykjavík** | | | | | | | | | |
| Bjallavað 11 | 102 | 71,7 | 2 | Fjölbýli | 2.109.014 | 1.676.251 | 93.949 | 1. júní nk. | Almenn lán |
| Kristnibraut 65 | 401 | 93,7 | 3 | Fjölbýli | 2.878.813 | 1.908.031 | 116.615 | Miðjan mars '09 | Almenn lán |
| Bjallavað 7 | 101 | 92,7 | 3 | Fjölbýli | 2.722.419 | 2.159.721 | 122.451 | Samkomulag | Almenn lán |
| Berjarimi 5 | 301 | 87,1 | 4 | Fjölbýli | 2.738.070 | 2.738.070 | 82.648 | 20. maí nk. | Eigna- og tekjumark |
| Berjarimi 1 | 302 | 87,1 | 4 | Fjölbýli | 2.737.971 | 1.822.043 | 80.265 | Samkomulag | Eigna- og tekjumark |
| Bjallavað 11 | 301 | 118,1 | 4 | Fjölbýli | 3.489.176 | 2.773.207 | 153.961 | Byrjun maí | Almenn lán |
| Kirkjustétt 7 | 201 | 102,2 | 4 | Fjölbýli | 3.012.138 | 1.857.845 | 127.995 | júlí/ágúst 09 | Almenn lán |
| Kirkjustétt 7 | 202 | 99,0 | 4 | Fjölbýli | 2.909.897 | 1.794.784 | 123.971 | Fljótlega | Almenn lán |
| Kristnibraut 65 | 203 | 110,4 | 4 | Fjölbýli | 3.391.900 | 2.248.096 | 137.429 | Samkomulag | Almenn lán |
| Kristnibraut 65 | 403 | 110,8 | 4 | Fjölbýli | 3.404.190 | 2.256.242 | 137.823 | Samkomulag | Almenn lán |
| Kristnibraut 63 | 304 | 108,7 | 4 | Fjölbýli | 3.214.966 | 2.179.801 | 134.484 | Samkomulag | Almenn lán |
| **Seltjarnarnes** | | | | | | | | | |
| Eiðismýri 22 | 102 | 59,0 | 2 | Fjölbýli | 1.750.217 | 1.170.470 | 66.293 | Sem fyrst | Eigna- og tekjumark |

- Vaxtabætur einstæðra foreldra eru að hámarki 20.358,- einhleypra 15.829,- og hjóna eru 26.177,-

- Hvað er innifalið í mánaðargjaldi?
  - Afborgun lána
  - Brunatrygging fasteignar
  - Fasteignagjöld
  - Hiti
  - Húseigendatrygging
  - Hússjóður

- Hvað er ekki innifalið?
  - Innbústrygging
  - Rafmagn íbúðar

Fyrirvari er um mögulegar prentvillur og breytingar á verði. Ofangreindir þættir taka mið af samþykktum félagsins og reglum.

www.buseti.is



# VINSÆLU GESTAHÚSIN OG GARÐHÚSIN ERU AÐ KOMA AFTUR




## Takmarkað magn – tryggðu þér eintak. Einnig úrvals pallaefni á hagstæðu verði.

Völundarhús.is hafa til sölu glæsileg og sterkbyggð gesta- og garðhús. Hægt er að leita sér frekari upplýsinga um húsin á heimasíðunni: www.volundarhus.is en þar er einnig að finna upplýsingar um aðrar vörur s.s útileiktæki, saunahús, grillhús, skrúfur, festingar og fleira.



34 mm bjálki-Tvöföld vatnslæsing/nótun.

www.volundarhus.is




GESTAHÚS 25m²




GARÐHÚS 4,7-9,7m²




BARNAHÚS 2,1m²

Staðgreiðslu lán · VISA Lán

völundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt

VH ehf · Heiðarbraut 3 · 250 Garður · **Sími 864-2400**

09-0004 Hennar hátign

# Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali

stakfell.is

Fax 535 1009



**Garðsstaðir - einbýlishús**
236,8 fm einbýlishús á einni hæð á besta stað í Grafarvogi. Eignin er nýmáluð og mjög vel með farin. Svefnálma með 4 parketl. herbergjum. Eyja aðskilur stofur og eldhús. Bað flísalagt með upph. salerni og sturtukl. Verð 57 millj.



**Markarflöt - Einbýlishús**
Endurnýjað 201,9 m² einbýli ásamt 39,7 m² bílskúr. Húsið skiptist í hol, stofu, bað, gestasn, 5 svefnh.(möguleiki á 6), eldhús og þvottah. Verð 85 millj.

## Erum með kaupendur að öllum tegundum íbúðarhúsnæðis



**Breiðvangur - 4ra herb**
129,2 fm endaíbúð á 4. hæð auk 24,2 fm bílskúrs, alls 153,4 fm að stærð. Flísar á baði. Parket á gólfum. Verð 23.5 millj.



**Heiðarhjalli - Parhús með útsýni.**
214 fm tvílyft parhús. Stofur, eldhús, gestasn. og herb.i eru á efri hæð og á neðri hæð eru 3. svefnh., bað og 10 fm "spa" með potti sem ekki inn í fm fjölda. Garðurinn fallegur og skjólsæll m/ viðhaldsfrírri verönd.



**Seilugrandi - 2ja herb.**
Falleg íbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi, stór geymsla fylgir auk bílastæðis í bílakjallara. Parket og dúkur á gólfum. Verð 19.9 millj.



**Hringbraut - 3ja herb**
93,2 fm íbúð á 3. hæð. Auka herbergi með aðgangi að salerni er í risi. Geymsla og sameiginl. þvottah. er í kjallara Verð 23,9 millj



**Langalína - 3ja herb - sjávarútsýni**
129.5 fm íbúð á miðhæð. Bað flísalagt í hólf og gólf, með innr., baðkari og sturtu. V-svalir með miklu útsýni. Verð 38,9 millj.



**Bakkastaðir - parhús**
166 fm endaraðhús á einni hæð, þar af 27,3 fm innbyggður bílskúr. Stór lóð fylgir húsinu. Verð 49,5 millj.



**Rauðás - 2ja herb - lækkað verð.**
53.7 fm íbúð með fallegu útsýni yfir Rauðavatn og Bláfjallahringinn. Eikarparket á gólfum. Sólpallur móti V.S.V. Lækkað verð 15.9 millj.



**Næfurás - 3ja herb.**
125 fm íbúð í Árbænum ásamt 24.7 fm bílskúr, íbúðin skiptist í hol stofu og 2 svefnh.,eldhús bað og þvottah. Verð 29.9 millj.



**Tjarnargata - 3ja herb - Glæsieign.**
99,6 fm íbúð á 1. hæð við Tjörnina. Eldhús með nýrri innréttingu og tækjum, útgengt á svalir. Parket. Verð 39,5 millj



**Brautarholt - "Penthouse" útsýnisíbúð**
140,1 fm þakíbúð með stórum svölum. Íbúðin er glæsilega hönnuð. Arinn er í stofu. Hjónaherb. með fataherb. Skipti á minni eign koma til greina.

# Stóreign | Fremri í atvinnufasteignum

s :: 590_7600

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali

storeign.is

FAX 535 1009

**Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmúli 7. 108 Rvk.**

Stóreign kynnir:



## Eldshöfði 7 – Atvinnuhúsnæði.
142 fermetra iðnaðarrými (103,7 skv. FMR) búið er að setja milliloft. Góðar innkeyrsludyr eru á aðalrýminu. 40 fm lager er á annarri hæð og er 26 fm skrifstofa á þriðju hæð. Möguleiki á yfirtöku á hagstæðu áhvílandi láni. Eignin er laus til afhendingar.

**Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Stóreignar að Lágmúla 7 s: 590-7600.**



## Hlíðarsmári 6 – Heil húseign.
1.901 m2 heil húseign til sölu. Húsið hentar einkar vel til skrifstofu, þjónustu og verslunarreksturs. 5. og 6. hæð eru glæsilega innréttaðar með parketi á gólfum, glerskilrúmum og innfelldri lýsingu. Einnig er jarðhæðin innréttuð eins og eru gólfsíðir gluggar sem gætu hentar verslunarrekstri. Möguleiki er að skipta húsinu upp í nokkrar sjálfstæðar einingar. Húsið verður afhent fullbúið.

**Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Stóreignar að Lágmúla 7 s: 590-7600.**



## Víkurhvarf 7 - 2863 fm Heil húseign
Glæsilegt 2863,5 fm skrifstofu, þjónustu og verslunar húsnæði ásamt bílakjallara við Víkurhvarf í Kópavogi. Húsnæðið skiptist í tvær hæðir, inndregna þriðju hæð og kjallara. Norðan við húsið er niðurgrafin bílageymsla með tenginngu við kjallara húsins. Lyfta verður í húsinu. Kjallari er 822,7 fm. 1. hæð er 903 fm með 3,8 metra salarhæð. 2 hæð er 840 fm með tvennum svölum. 3. hæð er 387 fm inndregin með ca 440 fm svölum. Möguleiki er á leigja húsið í minni einingum. Leigusali innréttar húsnæðið eftir óskum..

**Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Stóreignar að Lágmúla 7 s: 590-7600.**



## Tunguháls - 1.251 fm
Húsnæðið skiptist í ca 350 fm skrifstofurými og ca 901 fm lager og þjónusturými, þar af ca 250 fm í kjallara. Skrifstofurýmið skiptist í þrjár skrifstofur, fundarsal, opið móttökurými og kaffistofu.
Lagerrýmið er með lökkuðu gólfi. Tvennar innkeyrsludyr á 1. hæð og í kjallara. Lóðin er 3.480 fm með afgirtu útisvæði með góðri aðkomu.

**Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Stóreignar að Lágmúla 7 s: 590-7600.**

Stóreign.is | s :: 590_7600



# SÉRFRÆÐINGAR Í MEÐALSTÓRUM FYRIRTÆKJUM

- Leit að heppilegum fyrirtækjum eða kaupendum.
- Verðmat fyrirtækja.
- Viðræðu- og samningaferli.
- Fjármögnun fyrirtækjaviðskipta.
- Gerð kaupsamninga og tengdra samninga.

Eftirfarandi fyrirtæki eru ekki til sölu, en við teljum þau fáanleg fyrir rétta kaupendur. Upplýsingar ekki veittar í síma. Vinsamlega pantið tíma í síma 414 1200 eða með tölvupósti.

- Lítið flutningafyrirtæki með föst verkefni. Ársvelta 45 mkr. EBITDA 15 mkr. Mjög hagstætt verð.
- Heildverslun og þjónustufyrirtæki með varahluti fyrir vinnuvélar og bíla. Ársvelta 140 mkr.
- Heildverslun með vinsælar gjafavörur. Ársvelta 130 mkr.
- Bakarí með margar verslanir. Ársvelta 300 mkr.
- Heildverslun og þjónustufyrirtæki með rekstravörur fyrir fyrirtæki. Ársvelta 120 mkr.
- Rótgróin bílaleiga í eigin húsnæði. Ársvelta 120 mkr. EBITDA 30 mkr.
- Narfeyrarstofa. Glæsilegt veitingahús í eigin húsnæði á besta stað í Stykkishólmi. Góður og vaxandi rekstur. Góður hagnaður. Sjá nánar á www.kontakt.is.

Fleiri góð tækifæri á **www.kontakt.is**

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

**Suðurlandsbraut 4, 7. hæð • Sími: 414 1200**
**Netfang: kontakt@kontakt.is • www.kontakt.is**

Jens Ingólfsson rekstrarhagfræðingur, jens@kontakt.is
Gunnar Svavarsson viðskiptafræðingur, gunnar@kontakt.is
Brynhildur Bergþórsdóttir rekstrarhagfræðingur, brynhildur@kontakt.is
Höskuldur Frímannsson rekstrarhagfræðingur, hoskuldur@kontakt.is
Sigurður A. Þóroddsson hdl. sigurdur@kontakt.is
Þórarinn Arnar Sævarsson, lögg. fasteignasali, tas@kontakt.is

globalM&A Iceland






NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir

# Útlitspjatt

Ég hef oft verið spurð að því hvort því fylgi ekki mikið vesen að vera af kvenkyni. Spyrjendurnir eru eðli málsins samkvæmt yfirleitt af karlkyni, og þeir eru oftast að spyrja þessarar spurningar í samhengi við útlit. Þeim þykir konur hafa svo ansi miklu meira fyrir útliti sínu en karlar. Þetta kom upp í kollinum á mér þegar ég sat í klippingu fyrir helgi, fyrstu klippingunni sem ég hef farið í í eitt og hálft ár. Á hárgreiðslustofunni var líka snyrtistofa, þar sem hægt var að láta lita, plokka og vaxa hvað sem er auk þess sem hægt var að láta setja á sig gervineglur og brúnkuspreyja. Eflaust eru til þær manneskjur sem fara í klippingu og litun á sex vikna fresti, plokka augabrúnir og lita, fara í ýmiss konar vax, láta setja á sig gervineglur sem svo þarf að laga reglulega, og fá sér svo brúnkusprey af og til líka. Fara svo þar fyrir utan í alls kyns húðmeðferðir og nudd og ég veit ekki hvað og hvað. Ég held samt að ég þekki enga konu sem gerir þetta allt reglulega, enda held ég að fæstar þeirra hefðu hreinlega tíma til þess að láta gera þetta allt saman. Fyrir nú utan að fæstar þeirra hefðu efni á því, enda kosta þessar aðgerðir einhverja tugi þúsunda. Það er samt greinilegt að þó að ég þekki ekki þessar konur, þá eru þær til. Það sést bara á fjöldanum öllum af snyrtistofum sem eru til á þessu litla landi og virðist bara ganga vel. Ég vildi næstum því óska þess að ég hefði látið glepjast af þessu á síðustu árum. Nú stend ég nefnilega frammi fyrir því að þurfa að spara peninga, og það hefði verið svo auðveld leið til að spara að láta af þessu pjatti.



## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Allt er hér falt

Víst var spennandi að setjast niður í Borgarleikhúsi á föstudag þegar framundan var fyrsta sviðsetning Kjartans Ragnarssonar í húsinu sem kvað að í fjórtán ár. Með honum í för var stór leikflokkur, hljómsveit, útlitshönnuðir með Gretar Reynisson í broddi fylkingar. Kjartan og kynningardeildir Borgarleikhússins höfðu lagt ríka áherslu á það liðna daga að leikrit Friedrich Dürrenmatt frá sjötta áratugnum ætti ríkt erindi við okkur þessi dægrin. Þar færi margt saman við hrunadansinn 2007 og 2008 og ekkert þráir leikhúsið meira en að vera í beinu sambandi við samtíma sinn, gesti sína unga og gamla. Reyndar hafði ég efasemdir um að beitt ádeila um Sviss frá 1956 rímaði fyllilega við 2009 og Ísland. Sú gamla er fyrst og fremst ádeila á svissneskt samfélag stríðs og eftirstríðsáranna og hvernig samfélag þar gein við óhreinum peningum víða að úr heiminum og hvernig þjóðin hafði gengið fram í óhæfuverkum til að ná undir sig eignum landflótta gyðinga. Sú varð raunin að dæmisaga Dürrenmatts er á skjön við hrunið. Sviðsetning Kjartans var veisla fyrir augað. Hann er maður hinnar einföldu dramatísku sögu, ekki mikið fyrir útúrdúra eða könnun í undirfléttu. Hann dregur hina stóru drætti örugglega, greinir af ákafa og dirfsku og vill sjá leikinn springa út í fagnaðarríku og hömlulausu sjónarspili á sviðinu. Hann býr til sjónrænar sýningar og heimtar skýrar aðstæður allan tímann. Skopið er yfir öllu, en harmurinn hafður í bak – reyndar svo mikið í baksætinu að hann hvorki sást né heyrðist: áhorfanda var slétt sama um skíthælinn hann Illuga sem sveik kærustuna sína og giftist frekar kaupmannsdóttur í þorpinu. Enga vorkunn fékk kærastan gamla, Kamilla, sem snýr nú aftur til að fullkomna hefnd sína: skepnuskapur hennar gagnvart fólk var þess konar. Það var raunar bara fyrsti eiginmaðurinn sem kveikti einhverja vorkunn. Og þannig varð okkur alveg sama um allt þetta fólk – sem er galli. Hin móralska boðun verksins fór því fyrir lítið – missti marks.

Glæsilegt útlit sýningarinnar í ljósum, einum lokaða kassa Gretars til, tónlist Franks Hall og sundurgerð búninga Filippíu gladdi samt augað. Þetta er flott sýning og Kjartansleg í kompósisjón. Hún verður óskýr í löngu lokasamtali hinna fornu elskenda og dettur verulega niður í tempói þegar okkur fer að verða ljóst að þorpið ætlar að selja gamlan mann fyrir væna fúlgu. Þá er líka gáskinn farinn og sumpart skipt um stíl.



**LEIKLIST**

**Milljarðamærin eftir Friedrich Dürrenmatt**

Þýðing: Gísli Rúnar Jónsson
Leikgerð: Kjartan Ragnarsson og Gretar Reynisson
Leikmynd: Gretar Reynisson
Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson
Tónlist: Frank Hall
Búningar: Filippía I. Elísdóttir

★★★★

Mikið sjónarspil með óljóst erindi

Hér var stór leikflokkur á ferð: karakterar voru dregnir fáum skýrum dráttum og reyndar áberandi hvað jafnræði var mikið milli leikenda í stóru púsluspili til að gefa sterka heildarmynd. Hér mátti því sjá það sem oft er galli á stærri sýningum hér að geta skarast, sumir verða sterkari en aðrir. Það hefur Kjartan barið í sama stuðul. Fyrir bragðið verða raunar engin aðalhlutverk í sviðsetningunni þótt rúmfrekust verði Sigrún Edda afmynduð í eitthvert fatlaföl.

Ég skemmti mér vel á sýningunni þó ekki sé hún gallalaus: Sú gamla er ekki „eitt mikilvægasta leikrit frá lokum heimstyrjaldarinnar“ eins og fullyrt er í leikskrá. Það hefur jafnan lukkast best að gefa Kjartani Ragnarssyni nokkuð lausan taum um hvaða verkefni hann kýs sér, hvar áhugi hans liggur því ríkara erindi sem hann finnur hjá sjálfum þess meiri líkur eru á að hann skili verki sem bragð er. Og þrátt fyrir allt skuldar Leikfélag Reykjavíkur honum það – nenni hann á annað borð að vinna áfram í íslensku leikhúsi sem leikstjóri.

**Páll Baldvin Baldvinsson**





Til fundar við sjálfstæðismenn

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, heldur fundi út um allt land um þessar mundir þar sem farið verður yfir stjórnmálaviðhorfið og verkefnin framundan.



Mánudagur 2. mars
Egilsstaðir – fundur á Hótel Héraði kl. 20.

Þriðjudagur 3. mars
Reyðarfjörður – fundur á Fjarðarhóteli kl. 10.
Höfn – fundur í Sjálfstæðishúsinu við Kirkjubraut kl. 15.00.

Miðvikudagur 4. mars
Akranes– fundur að Stillholti 18 kl. 20 (áður Módel).

Fimmtudagur 5. mars
Ísafjörður – fundur á Hótel Ísafirði kl. 20.

Mánudagur 9. mars
Vestmannaeyjar – fundur í Ásgarði kl. 20.

Þriðjudagur 10. mars
Snæfellsbær – fundur í Félagsheimilinu Klifi, Ólafsvík kl. 20.

Miðvikudagur 11. mars
Árborg – fundur á Hótel Selfossi kl. 20.

Sjálfstæðisflokkurinn

Nánari upplýsingar um fundina og félagsstarf Sjálfstæðisflokksins má finna á heimasíðu flokksins, www.xd.is, eða í síma 515 1700.









LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI DESPEREAUX | kl. 6 - Ísl.tal | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 8 og 10 | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHOPAHOLIC | kl. 5:50D - 8D - 10:20D | L |
| SHOPAHOLIC | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| DEFIANCE | kl. 5:50 - 8:30 | 16 |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:20 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8:30 | 7 |
| ROLE MODELS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 5:50 | L |
| YES MAN | kl. 8 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CONFESSIONS SHOPAHOLIC | kl. 6D - 8:10D - 10:20D | L |
| DEFIANCE | kl. 8D - 10:40D | 16 |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 7 - 10:10 | 7 |
| BLOODY VALANTINE - 3D | kl. 6(3D) | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| SHOPAHOLIC | kl. 8 - 10:20 | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 | 12 |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHOPAHOLIC | kl. 6 - 8 | L |
| CHIHUAHUA | kl. 6 | L |
| DEFIANCE | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SHOPAHOLIC | kl. 8 - 10:10 | L |
| BRIDE WARS | kl. 8 | L |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10 | 16 |

SAMbio.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL D | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| THE INTERNATIONAL LÚXUS D | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 4 - 6 | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.15 – 8 – 10.40 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 D | kl. 4 - 6 | L |
| FANBOYS | kl. 8 -10.10 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 3.45 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 6 - 8 | L |
| FROST/NIXON | kl. 5.30 - 10 | 12 |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 5.30 | L |
| VALKYRIE | kl. 9 | 12 |
| BRIDE WARS | kl. 8 - 10 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL | kl. 5.30 - 9 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 6 | L |
| MILK | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE WRESTLER | kl. 8 - 10.15 | 14 |
| THE READER | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 6 | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 8 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 6 | L |
| FANBOYS | kl. 10.15 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Líkir Slash við krabbamein

Axl Rose, söngvari Guns N´Roses, líkir fyrrverandi gítarleikara sveitarinnar, Slash, við krabbamein sem þurfi að fjarlægja. Hann segir litlar líkur á því að fyrrum meðlimir sveitarinnar komi aftur saman og að engar líkur séu á því að hann starfi aftur með Slash.

„Duff (McKagan, bassaleikari) gæti kannski spilað á gítar einhvern tímann en það eru engar líkur á því að ég vilji hafa eitthvað með Slash að gera,“ sagði Rose. „Í hnotskurn þá finnst mér hann vera krabbamein sem eigi að fjarlægja og forðast. Því minna sem fólk veit af honum eða vinum hans því betra.“

Til að snúa hnífnum í sárinu sagði Rose að honum þætti gítarleikur Slash ómerkilegur. Hann hafi misst töfrana og hafi meiri áhuga á því að „selja sig“ til að baða sig í sviðsljósinu.

Rose segir að gaman hefði verið að fá fyrrum gítarleikara sveitarinnar, Izzy Stradlin, til að spila sem gestur á nokkrum tónleikum en bætir við að hann væri ekki sá áreiðanlegasti. Einnig tjáir hann sig um trommuleikarann Steven Adler, sem var rekinn fyrir ofnotkun eiturlyfja árið 1990. Telur hann litlar líkur á endurkomu hans því Adler myndi bara siga á hann lögfræðingum ef honum mislíkaði eitthvað. Trommarinn höfðaði á sínum tíma mál gegn sveitinni vegna vangreiddra höfundarlauna og vann.



**AXL ROSE** Axl forðast Slash eins og heitan eldinn og líkir honum við krabbamein sem þurfi að fjarlægja.

# Stökk inn í aðalhlutverkið

**Rokkóperan !Hero verður frumsýnd í Loftkastalanum á föstudagskvöld. Fyrrum Luxor-söngvarinn Sigursveinn Þór Árnason fer með aðalhlutverkið en hann tók óvænt við því af félaga sínum úr strákasveitinni sálugu.**

„Það var hringt í mig fyrir um það bil tveimur vikum og spurt hvort ég gæti verið með,“ segir Sigursveinn Þór Árnason söngvari, eða Svenni Þór, sem fer með aðalhlutverk í rokkóperunni !Hero sem verður frumsýnd í Loftkastalnum á föstudagskvöld.

„Það var búið að ráða Edgar Smára Atlason í hlutverkið, en hann gat ekki verið með. Þetta var ákveðið á síðasta ári og fólk komst inn í gegnum áheyrnarprufur, en þegar það var haft samband við mig voru bara um þrjár vikur til stefnu. Ég náði að finna smá glufu fyrir þetta og hef bara verið að æfa frá sjö á kvöldin til miðnættis alla daga og um helgar, síðustu tvær vikurnar,“ útskýrir Svenni Þór sem hefur í mörgu að snúast því hann starfar sem verslunarstjóri Dressman í Smáralind og er í söngnámi í FÍH þar sem hann tekur fjórðastigspróf eftir páska. Í maí er hann svo að verða pabbi, en hann á von á sínu fyrsta barni með eiginkonu sinni Regínu Ósk Óskarsdóttur söngkonu.

Svenni Þór fer með hlutverk Hero í söngleiknum sem gerist í New York borg nútímans, í heimi þar sem Jesús hefur aldrei lifað. Hero fer að prédika fyrir borgarbúum að elska óvini sína og boðar nýtt líf, en það eru ekki allir tilbúnir að taka fagnaðarerindinu. Aðspurður segir Svenni söngleikinn vera eins konar nútímaútgáfu af Jesus Christ Superstar. „Tónlistin er náttúrulega öðruvísi, en lögin eru mjög skemmtileg, allt frá rokki og poppi upp í rapp. Dansarnir eru líka flottir, svo fólk ætti endilega að kíkja á þennan nýja söngleik,“ bætir hann við, en miðasala er í fullum gangi á midi.is.

**alma@frettabladid.is**



**!HERO** Svenni Þór, fyrrum Luxor söngvari, fer með hlutverk Hero í nýjum söngleik sem verður frumsýndur í Loftkastalanum á föstudaginn, 6. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Týndur sonur Johns Deacon

„Þetta er ótrúleg tilviljun,“ segir bassaleikarinn Róbert Dan Bergmundsson sem spilar á Queen-tónleikum í Fífunni 12. mars ásamt Magna og kór Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Eftir að hafa rannsakað John Deacon, bassaleikara Queen, til að undirbúa sig fyrir tónleikana komst hann að því að sonur hans heitir Robert Deacon og ber því sömu upphafsstafi og hann, R.D. Ekki nóg með það því þeir eru jafngamlir upp á dag, báðir fæddir 18. júlí 1975. „Ég var að kynna mér gæjann og svo rakst ég allt í einu á þetta,“ segir Róbert Dan. „Þeir kalla mig alltaf Robert Deacon hér eftir, strákarnir í hljómsveitinni,“ segir hann og hlær.

Róbert grennslaðist nánar fyrir um nafna sinn og komst að því að hann hefur ekki fetað í fótspor föður síns og gerst bassaleikari. „Það væri alveg til að setja punktinn yfir i-ið. Trúlegast er ég bara týndi sonurinn,“ segir hann í léttum dúr.



**TÝNDI SONURINN?** Róbert Dan (uppi til vinstri) og John Deacon bassaleikari hljómsveitarinnar Queen.

Eins og flestir áhugamenn um tónlist hefur Róbert hlustað á Queen í gegnum árin en aldrei spáð í bassaleikinn fyrr en nú. „Þegar ég fór að skoða þetta þá er þetta trúlega eitt erfiðasta verkefni sem ég hef ráðist í,“ segir hann og nefnir lýsingarorð á borð við „melódískur“ og „fáránlegur“ um bassaleik Deacons. „Lag eins og Bicycle Race, þar er ekki þessi hefðbundni bassi. Það er eins og annar söngvari sé að verki,“ segir Róbert Dan „Deacon“. **- fb**

# Coldplay seldi mest

Nýjasta plata Coldplay „Viva La Vida Or Death And All His Friends“ hefur opinberlega verið útnefnd mest selda plata síðasta árs af Alþjóðlega bandalagi hljómplötuiðnaðarins. Þessi fjórða plata sveitarinnar seldist í 6.8 milljón eintökum í heiminum öllum.

Næst mest seldi AC/DC af „Black Ice“ og tónlistin úr kvikmyndinni Mamma Mia! varð í þriðja sæti. Mest selda plata allra tíma er ennþá Thriller með Michael Jackson, sem kom út árið 1984. Hún hefur selst í 109 milljón eintökum.



**CHRIS MARTIN** Coldplay seldi 6.8 milljón eintök af nýjustu plötu sinni á síðasta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Eins manns sveit á Youtube

Sænska tónlistarkonan Theresa Anderson hefur slegið í gegn á Youtube-síðunni að undanförnu með lagi sínu Na Na Na. Rúmlega 800 þúsund manns hafa séð myndbandið þar sem hún spilar á hvert hljóðfærið á fætur öðru og notar meðfram því tvo „lúppu-pedala“ til að taka þau upp. Á endanum hljómar útkoman eins og heil hljómsveit sé þar samankomin.

Anderson, sem hefur lengi verið búsett í New Orleans, tók myndbandið upp í eldhúsinu heima hjá sér. Þar tók hún einnig upp sína fyrstu plötu, Hummingbird, Go! með aðstoð Svíans Tobias Froberg sem tók einnig upp fyrstu sólóplötu Peter Morén úr Peter, Bjorn and John.

Anderson ákvað að fylgja plötunni eftir með tónleikaferð um Evrópu en fannst of dýrt að hafa með sér heila hljómsveit og ákvað þá að prófa þessa óvenjulegu aðferð. Til að kynna atriði sitt fyrir væntanlegum tónleikahöldurum ákvað hún að skella myndbandinu á netið og hefur áhuginn ekki látið á sér standa. Nýverið kom hún fram í kvöldþætti Conans O´Brien auk þess sem hún syngur á væntanlegri plötu Davids Byrne úr Talking Heads sem er væntanleg í september. Nefnist hún Here Lies Love og fjallar um ævi Imeldu Marcos, fyrrum forsetafrúar Filippseyja. Einnig var Anderson nefnd sem einn þeirra listamanna sem Los Angeles Times telur að fylgjast eigi með á þessu ári.



**THERESA ANDERSON** Theresa hefur vakið mikla athygli á Youtube fyrir eins manns hljómsveit sína. NORDICPHOTOS/GETTY



**AMERICA'S GOT TALENT** Mariah Carey og Nick Cannon giftu sig í apríl í fyrra, en hann mun taka við af Jerry Springer sem kynnir í America's Got Talent.

# Saman á skjánum

Þáttastjórnendur America‘s Got Talent hafa ákveðið að láta kynninn Jerry Springer víkja fyrir eiginmanni Mariuh Carey, Nick Cannon. Samkvæmt heimildum bandaríska tímaritsins In Touch tókst Cannon, sem er bæði leikari og rappari, að heilla stjórnendur þáttarins með því að fá eiginkonu sína til að koma þar fram sem gestadómari.

Mariah Carey mun því setjast í dómarasætið við hlið Piers Morgan, Shannon Osbourne og David Hasselhoff í einum þætti næsta sumar, en hún er sögð vera mjög spennt fyrir hlutverkinu og ætlar jafnvel að vera tíður gestur í sjónvarpssal.



**MANIC STREET PREACHERS** Velska rokksveitin gefur út nýja plötu í maí. Á henni verða textar eftir Richey Edwards sem hvarf árið 1995.

# Ný plata frá Manics

**Níunda plata velska rokktríósins Manic Street Preachers kemur út í maí og heitir Journal For Plague Lovers. Á plötunni verða nokkrir textar eftir Richey Edwards, fjórða meðliminn, sem hvarf árið 1995. Hann var úrskurðaður látinn í fyrra. „Við erum æstir, kvíðnir, stoltir og hræddir eins og vanalega, en getum ekki beðið eftir að fólk fái að heyra plötuna,“ skrifar Nicky Wire bassaleikari á heimasíðu sveitarinnar.**


Fiskur er ÓDÝR!!

56,7% verðmunur á kjúklingabringum og ýsuflökum roðlaus beinlausum.

Ýsuflök með roði 699 kr.kg.

Ýsuflök roðlaust og beinlaust 999 kr.kg.

Verðkönnun gerð föstudaginn 27.febrúar 2009

Bónus:
Roðlausar beinlausar kjúklingabringur 2.998,-kr.kg
Fiskikóngurinn Roðlaus beinlaus ýsuflök 1.290,-
Mismunur 56,7%

Krónan:
Roðlausar beinlausar kjúklingabringur 2.798,-kr.kg
Fiskikóngurinn Roðlaus beinlaus ýsuflök 1.290,-
Mismunur 53,8%

Ekki var tekið tillit til afsláttar en Bónus og Krónan voru með 20% afslátt frá uppgefnu verði

ATH.
kjúklingabringur eru sprautaðar með c.a. 7-15% vökva.

FISKURINN HJÁ FISKIKÓNGINUM ER EKKI SPRAUTAÐUR MEÐ NEINUM VÖKVA









Fiskikóngurinn

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Sjáumst eldhress í dag. Næg bílastæði, fljót og góð þjónusta.

EXTRA STARFSFÓLK Í AFGREIÐSLU Í ALLAN DAG

## > Snæfell lagði Grindavík

Það var háspennuleikur í Stykkishólmi í gær þegar Snæfell lagði Grindavík að velli, 89-88. Jón Ólafur Jónsson skoraði sigurkörfuna þegar 9 sekúndur lifðu leiks. Arnar Freyr Jónsson átti síðasta skot Grindavíkur en það gekk ekki. Vonir Grindavíkur um sigur í deildinni eru því litlar eftir tapið. Brenton Birmingham var þó maður kvöldsins en hann fór hamförum í leiknum og skoraði 48 stig. Þór slátraði Skallagrími í botnslagnum fyrir norðan og ljóst að Skallagrímur fellur. ÍR marði svo mikilvægan sigur á FSU í Seljaskóla.



# sport

sport@frettabladid.is

EIMSKIPSBIKAR KVENNA: FH GAF ALLT OF MIKIÐ EFTIR ÞEGAR LEIÐ Á LEIKINN GEGN STJÖRNUNNI

# *Stjörnustúlkur keyrðu yfir FH í síðari hálfleik*

Stjarnan vann öruggan og sanngjarnan sigur á FH, 27-22, í úrslitum Eimskipsbikars kvenna. Jafnt var á með liðunum í fyrri hálfleik en Stjarnan hreinlega kafsigldi FH í síðari hálfleik.

Þá spilaði liðið sterka vörn, Florentina datt í gírinn í markinu og hraðaupphlaupin komu á færibandi. FH-stúlkur áttu ekkert svar.

Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnunnar, var kampakátur í leikslok en hann tók við Stjörnuliðinu á miðjum vetri og hefur gert góða hluti með liðið.

„Mér líður alveg svakalega vel. Það er stórkostleg tilfinning að koma með lið hingað í Höllina sem þjálfari og fá að upplifa sigur er æðislegt," sagði Atli og brosti út að eyrum.

Þetta var hans fyrsti bikarsigur sem þjálfari en hann vann einu sinni bikarinn sem leikmaður og þá með FH árið 1994.

„Vörnin var frábær í síðari hálfleik og Flora varði flott skot. Þá fáum við auðveld mörk úr hraðaupphlaupum og það kláraði leikinn. Ég var pínu smeykur því við spiluðum á fáum mönnum en þessar stelpur eru í svakalega góðu formi og héldu þetta út. Það var mitt happ í dag. Ég var mjög seint í rónni enda hefur okkur gengið illa að hrista þetta FH-lið af okkur í leikjum vetrarins," sagði Atli og hljóp svo að fagna með stelpunum sínum.

„Þær spiluðu sterka vörn og það voru allt of fáir leikmenn hjá okkur sem voru að spila af eðlilegri getu í sókninni. Þar af leiðandi skorum við of lítið," sagði Guðmundur Karlsson, þjálfari FH-liðsins, svekktur í leikslok.

„Ég var ágætlega sáttur við varnarvinnuna lengstum. Mörg af þeirra hraðaupphlaupum komu af því sóknin var að klára illa. Vörnin hefði átt að gefa okkur meiri möguleika en sóknin bilaði því miður. Þetta var svekkjandi," sagði Guðmundur.



## ÚRSLIT

### *Eimskipsbikar karla:*

**Valur-Grótta** **31-23 (14-9)**

**Mörk Vals:** Sigurður Eggertsson 7, Heimir Örn Árnason 5, Orri Freyr Gíslason 4, Arnór Gunnarsson 4, Baldvin Þorsteinsson 3, Elvar Friðriksson 2, Dagur Sigurðsson 2, Sigfús Páll Sigfússon 1, Hjalti Pálmason 1, Gunnar Harðarson 1,
**Varin skot:** Ólafur Haukur Gíslason 9/1.
**Mörk Gróttu:** Arnar Freyr Theodórsson 7, Finnur Ingi Stefánsson 7/5m Atli Rúnar Steinþórsson 4, Þórir Jökull Finnbogason 3, Þorleifur Árni Björnsson 2, Davíð Hlöðversson 1.
**Varin skot:** Hlynur Morthens 14/1.

### *Eimskipsbikar kvenna:*

**FH-Stjarnan** **22-27 (13-14)**

**Mörk FH:** Ragnhildur Guðmundsdóttir 7/3, Ingibjörg Pálmadóttir 5, Guðrún Tryggvadóttir 4, Birna Íris Helgadóttir 2, Hafdís Inga Hinriksdóttir 2, Arnheiður Guðmundsdóttir 1, Gunnur Sveinsdóttir 1.
**Varin skot**: Kristina Kvaderiene 11.
**Mörk Stjörnunnar:** Sólveig Lára Kjærnested 8, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 5, Alina Petrache 5/3, Elísabet Gunnarsdóttir 3, Þórhildur Gunnarsdóttir 2, Kristín Clausen 2, Aðalheiður Hreinsdóttir 1.
**Varin skot:** Florentina Stanciu 19/1.

### *Enska úrvalsdeildin:*

CHELSEA - WIGAN ATHLETIC 2-1
1-0 John Terry (24.), 1-1 Olivier Kapo (81.), 2-1 Frank Lampard (90.).
EVERTON - WBA 2-0
1-0 Tim Cahill (35.), 2-0 Louis Saha (69.).
MIDDLESBROUGH - LIVERPOOL 2-0
1-0 Alonso sjálfsm. (32.) 2-0 Tuncay Sanli (62.)
ARSENAL - FULHAM 0-0
WEST HAM- MAN. CITY 1-0
1-0 Jack Collison (71.).
HULL - BLACKBURN 1-2
0-1 Stephen Warnock (34.), 0-2 Keith Andrews (36.), 1-2 Ian Ashbee (79.).
BOLTON - NEWCASTLE 1-0
1-0 Ricardo Gardner (47.).
ASTON VILLA - STOKE CITY 2-2
1-0 Stilian Petrov (45.), 2-0 John Carew (79.), 2-1 Ryan Shawcross (87.), 2-2 Glenn Whelan (90.).

**STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **26** | **19** | **5** | **2** | **46-11** | **62** |
| Chelsea | 27 | 16 | 7 | 4 | 47-16 | 55 |
| **Liverpool** | **27** | **15** | **10** | **2** | **43-20** | **55** |
| Aston Villa | 27 | 15 | 7 | 5 | 42-27 | 52 |
| **Arsenal** | **27** | **12** | **10** | **5** | **38-25** | **46** |
| ---------- | | | | | | |
| Tottenham | 26 | 7 | 7 | 12 | 28-32 | 28 |
| **Newcastle** | **27** | **6** | **10** | **11** | **33-43** | **28** |
| Portsmouth | 26 | 7 | 7 | 12 | 29-43 | 28 |
| **Blackburn** | **26** | **6** | **8** | **12** | **30-43** | **26** |
| Middlesbrough | 27 | 6 | 8 | 13 | 20-36 | 26 |
| **Stoke City** | **27** | **6** | **8** | **13** | **25-44** | **26** |
| WBA | 27 | 6 | 4 | 17 | 24-51 | 22 |

# Gleðigjafinn gerði útslagið

**Sigurður Eggertsson, sem er oft kallaður Gleðigjafinn, fór mikinn þegar Valur tryggði sér sigur í Eimskipsbikarnum með sigri á Gróttu, 31-23. Gróttustrákarnir sýndu karakter með endurkomu í síðari hálfleik en þá steig Sigurður upp.**

HANDBOLTI Valur tryggði sér sigur í Eimskipsbikarnum annað árið í röð með öruggum sigri á Gróttu, 31-23, í sveiflukenndum leik. Þetta er í fyrsta skipti sem Valur vinnur bikarinn tvö ár í röð. Valslið Óskars Bjarna Óskarssonar er því búið að skrá sig rækilega í sögubækurnar á Hlíðarenda.

1. deildarliðið af Seltjarnarnesi var yfirspennt í upphafi leiks og lenti fljótlega 6-0 undir. Munurinn var síðan fimm mörk í leikhléi, 14-9. Það var allt annað og betra Gróttulið sem mætti til leiks í síðari hálfleik. Gróttustrákarnir börðust grimmilega og ætluðu greinilega að selja sig dýrt. Þeir náðu að koma muninum í tvö mörk, 14-12, en þá tók Sigurður Eggertsson til sinna ráða.

Hann skoraði glæsileg mörk og byrjaði að tína leikmenn Gróttu af velli með tveggja mínútna brottvísunum en þeim gekk bölvanlega að stöðva Sigurð. Þökk sé Sigurði náði Valur aftur fínni forystu og liðið leit aldrei til baka eftir það.

„Hver ræður eiginlega við Gleðigjafann?" sagði Sigurður léttur í leikslok. „Mér fannst þeir ekkert ráða við mig. Ég var vel stemmdur sem og allt liðið. Það kom smá kafli í leiknum þar sem Grótta fattaði ekki að þeir væru verri en við en svo sagði þeim einhver það og þá lagaðist þetta allt aftur," sagði Sigurður og hló dátt.

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, var stoltur í leikslok. „Hvatningin var að verða fyrsta Valsliðið til að vinna tvo bikara í röð. Ég er mjög stoltur af þessu afreki. Ég sýndi einmitt í myndbandi fyrir leikinn myndir af Mulningsvélinni, frá Geirs-kynslóð og svo liðinu sem Óli Stefáns og Dagur léku með," sagði Óskar Bjarni brosmildur.

„Ég var aldrei öruggur með sigurinn og það fór verulega um mig í stöðunni 14-12. En strákarnir sýndu svo úr hverju þeir eru gerðir," sagði Óskar og hrósaði síðan Gróttuliðinu og Ágústi þjálfara þeirra í hástert.

Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari Gróttu, var nokkuð ánægður með sína menn. „Við byrjuðum náttúrulega skelfilega. Ég hræddist það mest að við myndum lenda í vandræðum í upphafi. Við í rauninni töpum leiknum strax á þessum kafla. Við náðum aðeins að þjarma að þeim en Valur er of reynt lið til að tapa svona forystu. Ég var samt ánægður með hvernig mitt lið kom til baka," sagði Ágúst Þór.

henry@frettabladid.is



**SIGURHRINGUR** Sigurður Eggertsson og Baldvin Þorsteinsson hlaupa hér sigurhringinn með bikarinn í Höllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**GÓÐUR DAGUR** Dagur Sigurðsson spilaði með Val í Höllinni og skoraði tvö góð mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### *Iceland Express-deild karla:*

**Snæfell-Grindavík** **89-88**
Stig Snæfells: Lucious Wagner 22, Sigurður Þorvaldsson 20, Jón Ólafur Jónsson 17, Hlynur Bæringsson 15, Slobodan Subasic 6, Atli Hreinsson 5, Magni Hafsteinsson 4.
Stig Grindavíkur: Brenton Birmingham 48, Þorleifur Ólafsson 11, Páll Axel Vilbergsson 10, Arnar Freyr Jónsson 10, Nick Bradford 4, Helgi Jónas Guðfinsson 3, Páll Kristinsson 2.
**ÍR-FSu** **83-80**
**Þór Skallagrímur** **140-65**
Stig Þórs: Konrad Tota 27, Baldur Jónasson 21, Óðinn Ásgeirsson 18, Daniel Bandy 18, Guðmundur Jónsson 15, Hrafn Jóhannesson 12, Sigurður Sigurðsson 11, Jón Kristjánsson 8, Baldur Stefánsson 6, Björgvin Jóhannesson 2, Sigmundur Eiríksson 2.
Stig Skallagríms: Landon Quick 35, Sveinn Davíðsson 15, Þráinn Ásbjörnsson 11, Hörður Unnsteinsson 3, Sigurður Sigurðsson 2.

Atletico skellti Barcelona:

# Forskot Barca nú fjögur stig

FÓTBOLTI Það er mikil spenna komin í spænsku deildina eftir 4-3 tap Barcelona gegn Atletico Madrid í gær.

Diego Forlan og Sergio Aguero skoruðu báðir tvö mörk fyrir Atletico. Thierry Henry skoraði tvö fyrir Barca og Lionel Messi eitt.

Eiður Smári lék allan leikinn og lagði upp eitt mark.

Forysta Barcelona er nú aðeins fjögur stig og Real Madrid búið að vinna tíu leiki í röð. - hbg



**KR REYKJAVÍKURMEISTARI** KR vann Fylki, 3-1, í úrslitum Reykjavíkurmótsins í gær. Pape Faye kom Fylki yfir en Guðmundur Pétursson, Óskar Örn Hauksson og Jónas Guðni Sævarsson skoruðu í síðari hálfleik fyrir KR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Boltinn er hjá okkur!

Man. Utd. Aston Villa
3. - 5. apríl
Verð á mann í tvíbýli:
75.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

West Ham Chelsea
24. - 26. apríl
Verð á mann í tvíbýli:
73.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


Man. Utd vann deildarbikarinn eftir maraþonviðureign gegn Tottenham:

# Draumurinn lifir hjá Man. Utd

FÓTBOLTI Man. Utd heldur enn í drauminn um að vinna allar keppnir. United lagði Tottenham að velli í úrslitum deildarbikarsins í gær. Ekkert var skorað í venjulegum leiktíma eða framlengingu. Það þurfti því að útkljá viðureignina í vítaspyrnukeppni.

Þar reyndust taugar Manchester-strákanna betri. Ben Foster varði frá Jamie O´Hara, David Bentley skaut fram hjá á meðan United skoraði úr öllum sínum spyrnum.

Harry Redknapp, stjóri Spurs, var stoltur af sínum strákum. „Mér fannst við vera frábærir. Þetta var frábær frammistaða og leikurinn endaði með lottói. Það verður samt að viðurkennast að það var ekki sama sjálfstraust hjá okkur og þeim í vítunum," sagði Redknapp.

Ryan Giggs er bjartsýnn á að United takist að vinna allar keppnir í vetur. „Það er enn langt í hina bikarana en við verðum að halda í hungrið og halda áfram að spila vel. Hungrið í stjóranum smitast í leikmennina og það sést á leikmönnum," sagði hinn 35 ára gamli Giggs. - hbg



**HRESSIR** Nani, Ronaldo og Giggs fögnuðu innilega. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



ÚRVAL RAFTÆKJA
– gæði á betra verði
32"
TOSHIBA
Toshiba 32AV555DG
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 upplausn, Progressive Scan, 20.000:1 dýnamískri skerpu, 100Hz, stafrænum DVB-T móttakara ofl.
VERÐ 129.990
FRÁBÆRT VERÐ
Nikon
NIKON D40KIT1855DX
Stafræn SLR MYNDAVÉL með 6,1 milljóna punkta myndflögu á DX-sniði, AF-S DX NIKKOR 18–55mm linsu, ISO 200 – 1600 ISO, 2,5" LCD, 0,18 sek. ræsingu og hröðum lokara (hraðvirk myndataka), 3 römmum á sek. í raðmyndatöku, „Stop-motion", mjög skörpum 3ja svæða sjálfvirkum fókus (jafnvel í rökkri) og Nikon 3D lita fylkisljósmælingu II.
6.1 DX
TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 79.990
SJÓNVÖRP HLJÓMTÆKI HEIMABÍÓ
MP3 SPILARAR FERÐATÆKI DVD SPILARAR
BLU-RAY SPILARAR MYNDAVÉLAR TÖKUVÉLAR
ÚTVARPSVEKJARAR iPOD VÖGGUR OFL.
NETTUR MP3 SPILARI
PHILIPS
Philips SA1942
4GB MP3 SPILARI með innb. diktafóni og hljóðnema, tónjafnara, LCD skjá, lithium rafhlöðu með 27 klst. afspilun. Þyngd: 0.034kg. Styður MP3/WAV/WMA.
TILBOÐ 12.990
FULLT VERÐ kr. 14.990
OLYMPUS 10MP
Olympus FE45
Einföld og góð Digital MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6,3 - 18,9mm linsu, 2,5" LCD skjá, andlitsgreiningu, hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, YouTube stillingu, Intelligent Auto og USB 2.0. Tekur xD eða microSD kort.
VERÐ 19.990
FRÁBÆRT VERÐ
iPOD VAGGA
JBL
2 LITIR HVÍTT SVART
Ath. iPod fylgir ekki.
JBL ONSTAGE MICRO
HÁTALARAR með innb. 30w magnara og fjarstýringu, iPod vöggu, Aux tengi fyrir MP3,CD ofl.
VERÐ 21.990
FRÁBÆRT VERÐ
FLOTTUR DVD SPILARI
TOSHIBA DVD VIDEO
Toshiba SD186
Fjölkerfa DVD SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital og DTS, Scart (með RGB), Component og CVBS tengi, DivX, Digital Coaxial tengi ofl.
TILBOÐ 11.990
FULLT VERÐ kr. 13.990
JVC
JVC UXG100
10w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með með MP3/ WMA geislaspilara, RDS útvarp með 32 minnum, heyrnartólstengi klukku og tímastilli.
VERÐ 27.990
FRÁBÆRT VERÐ
Panasonic
Panasonic SCPT160
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 330w RMS magnara, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive Scan, 5 hátölurum og bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með minnum, tónjafnara, hljóðinngangi (RCA), USB, Scart, Component tengi ofl.
VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2009
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

> **Marg Helgenberger**

„Ég á oft erfitt með að hrista Catherine af mér, fjölskyldu minni til mikils ama. Þeim finnst ég alveg hundleiðinleg svona grafalvarleg og kaldhæðnisleg í tilsvörum.“ Helgenberger leikur lögreglukonuna Catherine Willows í þættinum C.S.I sem sýndur er á SkjáEinum í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR HUGSAR TIL BAKA

## Ítalskar og íslenskar sjónvarpsgyðjur

Fyrir nokkrum árum átti ég heima á Ítalíu. Flestum kvöldum eyddi ég þá á börum eða úti á götu, við rauðvínssull og mannlífsskoðun. Letikvöldum eyddi ég hins vegar oftar en ekki fyrir framan sjónvarpsskjáinn. Ég skýldi mér á bakvið þá uppgötvun að sjónvarpsgláp væri frábær tungumálakennsla.

Mér er sérstaklega minnisstæður gríðarlega vinsæll sjónvarpsþáttur tveggja miðaldra grínista. Ég er reyndar löngu búin að gleyma öllu um þessa tvo karla, enda var ítölskukunnáttan ekki komin á það stig að ég væri farin að skilja brandara. Komst reyndar aldrei þangað, en það er önnur saga.

Með þeim voru hins vegar tvær gullfallegar lólítur sem renna mér seint úr minni. Önnur var dökkhærð, hin ljóshærð, báðar með fax niður á lítið klæddan rass. Á milli þess sem karlarnir sögðu eitthvað fyndið stukku þær fram fyrir myndavélina, dönsuðu eða sýndu aðrar kúnstir. Enduðu svo ávallt uppi á borði, þar sem þær sveifluðu rössunum framan í myndavélina og karlana til skiptis, lögðust svo á borðið fyrir framan karlana og skríktu af gleði. Svo hélt þátturinn áfram eins og ekkert hefði í skorist. Ítalskar stelpur standa í röðum eftir að fá hlutverk í þættinum. Starfið er auglýst alla vega annað hvert ár, enda mega tvíburarnir ekki vera mikið eldri en tvítugir.



Það sem framkallaði minninguna um þessar ítölsku þokkagyðjur var íslenska útgáfan af þeim, sem birtist á skjánum í Eurovisionkeppninni í síðasta mánuði. Önnur ljóshærð, hin dökkhærð en báðar skælbrosandi fegurðardrottningar. Ragnhildur Steinunn og Eva María sýndu þarna á sér splunkunýjar hliðar sem ég er enn þá að melta. Þær klæddu sig í upp í búninga, sögðu aulabrandara, hlógu og fífluðust. Það eru nokkrar vikur síðan þetta var en ég get ekki hætt að spá í þetta. Þær voru frábærar og fyndnar. Og alveg stórfurðulegar.

## MÁNUDAGUR



▶ **20.00** Good Night, and Good Luck — STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** One Tree Hill — SKJÁREINN



▶ **21.10** Osbournes — STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.15** Sporlaust (Without a Trace) — SJÓNVARPIÐ



▶ **22.10** Men in Trees — STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana** (23:26) (e)
**17.53 Sammi** (14:52)
**18.00 Kóalabræðurnir** (78:78)
**18.12 Herramenn** (41:52)
**18.25 Fréttaaukinn** Þáttur í umsjón Boga Ágústssonar og Elínar Hirst. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Stríð og friður í matjurtagarðinum** (Guerre et paix dans le potager) (2:2) Frönsk heimildamynd í tveimur hlutum. Hér er matjurtagarðurinn myndaður eins og um frumskóg væri að ræða og sagt frá flóknu samspili plantna, þúsunda dýra og nokkurra garðyrkjurisa.
▶**21.15 Sporlaust** (Without a Trace) (21:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. (e)
**23.05 Spaugstofan** (e)
**23.30 Bráðavaktin** (ER) (8:19) (e)
**00.15 Kastljós** (e)
**00.55 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**06.10 I'm With Lucy**
**08.00 Open Season**
**10.00 Rupert's Land**
**12.00 Good Night, and Good Luck**
**14.00 I'm With Lucy**
**16.00 Open Season**
**18.00 Rupert's Land**
▶**20.00 Good Night, and Good Luck** Sannsöguleg mynd í leikstjórn George Clooney um fréttamanninn Edward Murrow, sem svipti hulunni af þingmanninum Joseph McCarthy.
**22.00 Doom**
**00.00 The Grudge 2**
**02.00 Jarhead**
**04.00 Doom**
**06.00 Separate Lies**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Dynkur smáeðla, Doddi litli og Eyrnastór og Krakkarnir í næsta húsi.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (263:300)
**10.15 Ghost Whisperer** (43:44)
**11.00 Tim Gunn's Guide to Style** (4:8)
**11.50 Men in Trees** (9:19)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (136:260)
**13.25 Corpse Bride**
**14.55 ET Weekend**
**15.40 Galdrastelpurnar**
**16.05 A.T.O.M.**
**16.30 Íkornastrákurinn**
**16.55 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (19:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons** (18:22)
**20.00 American Idol** (14:40)
**21.25 American Idol** (15:40)
▶**22.10 Men in Trees** (19:19) Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna, Jack, sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.
**22.55 The Lost Room** (4:6) Dularfull spennuþáttaröð í anda Stephens King sem sífellt tekur óvænta stefnu. Joe Miller er lögreglumaður sem vinnur að morðrannsókn og finnur undarlegan lykil sem opnar honum allar dyr sem þó alltaf ganga að einu og sama mótelherberginu þar sem dulmagnaðir atburðir eiga sér sér stað.
**23.40 Incident At Loch Ness** Heimildarmynd um þýska kvikmyndagerðarmanninn Werner Herzog og kannanir hans á leyndardómum Loch Ness í Norður-Skotlandi.
**01.15 Corpse Bride**
**02.30 Gacy**
**04.00 Men in Trees** (19:19)
**04.45 The Simpsons** (18:22)
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT besta sætið

**07.00 Man. Utd - Tottenham** Útsending frá úrslitaleik enska deildarbikarsins.
**15.30 Atletico - Barcelona** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**17.10 Accenture Match Play Championship** Útsending frá lokadegi Accenture Match Play Championship mótinu í golfi.
**20.10 Man. Utd - Tottenham** Útsending frá úrslitaleik enska deildarbikarsins.
**22.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
**22.30 Þýski handboltinn. Markaþáttur** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
**23.00 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram í Georgia Dome höllinni í Atlanta.
**23.55 UFC Unleashed** Bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**00.40 World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

### SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Aston Villa - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.45 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**18.45 PL Classic Matches** Newcastle - Sheffield Wednesday. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**19.15 Middlesbrough - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Review 2008/09**
**22.00 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**22.30 Chelsea - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Spjallið með Sölva** (2:6) (e)
**09.45 Vörutorg**
**10.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.55 Vörutorg**
**17.55 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.40 Game Tíví** (4:8) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)
**19.20 Psych** (1:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. (e)
▶**20.10 One Tree Hill** (6:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Lucas fer í ferðalag til að kynna bókina sína og það er kunnuglegt andlit með í för. Nathan fær annað tækifæri til að slá í gegn í körfubolta, Haley reynir að hjálpa nemanda og Brooke íhugar tilboð sem gæti breytt lífi hennar.
**21.00 Heroes** (12:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. Sólmyrkvinn heldur áfram að hafa áhrif á eiginleika hetjanna. Elle og Sylar mæta H.R.G. sem er í hefndarhug á meðan Claire berst fyrir lífi sínu. Ando, Sam og Frack reyna að hjálpa Hiro að endurheimta minnið með hjálp hasarblaða.
**21.50 CSI** (7:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Morð á móður og barni er talið tengjast öðru morðmáli fyrir 12 árum og Grissom endurnýjar kynnin við fjöldamorðingjann Natalie Davis.
**22.40 Jay Leno** Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Californication** (4:12) (e)
**00.05 Vörutorg**
**01.05 Óstöðvandi tónlist**

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Alicante

Flugsæti
Verð frá 39.900 kr.
og 15.000 Vildarpunktar
Fyrir flug fram og til baka og flugvallarskatta
2. júní, 16. júní og 7. júlí.

Beint flug með Icelandair
í allt sumar til Alicante,
Mallorca og Tyrklands



Beint morgunflug
alla þriðjudaga frá 26. maí til 20. okt.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig
í ferðaklúbbinn á VITA.is

VITA er lífið
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 45354 02/09

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00
### American Idol



Leitin að áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna er í fullum gangi í vinsælasta skemmtiþætti veraldar. Þau Simon Cowell, Randy Jackson, Paula Abdul og Kara DioGuardi hafa nú fækkað milljónum umsækjanda niður í þá 36 bestu. Í kvöld sjáum við annan 12 manna hópinn af þremur en aðeins þrír keppendur úr hverjum hóp komast í gegnum þennan niðurskurð. Örlög keppenda eru í höndum bandarísku þjóðarinnar. Meðal keppenda í kvöld eru hinn skrítni Nicholas Mitchell, eða „Norman Gentle“, glansrokkarinn Adam Lambert og hin sykursæta Megan Corkey. Ekki missa af æsispennandi þætti í kvöld.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### The Simpsons
### Stöð 2 kl. 19.35

Simpsons-fjölskylduna þarf vart að kynna enda hefur hún verið fastagestur á heimilum landsmanna frá því þættirnir hófu göngu sína árið 1989. Aldrei er lognmolla í kringum fjölskylduna og nágranna þeirra í bænum Springfield þar sem ýmislegt gengur á. Í þættinum í kvöld fær Bart tækifæri til að skyggnast inn í framtíðina. Þar sér hann sig sem róna en Lísu systur sína sem forseta Bandaríkjanna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Sögur úr Síðunni
**15.30** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Lárétt eða lóðrétt
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Ársól
**23.10** Á tónsviðinu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (135:260)
**16.30 Hollyoaks** (136:260)
**17.00 Seinfeld** (2:22)
**17.25 E.R.** (1:22)
**18.10 Osbournes** (3:10)
**18.30 20 Good Years** (11:13)
**19.00 Hollyoaks** (135:260)
**19.30 Hollyoaks** (136:260)
**20.00 Seinfeld** (2:22)
**20.25 E.R.** (1:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
▶**21.10 Osbournes** (3:10) Eins og flestum er kunnugt hefur mikið gengið á í lífi Osbourne fjölskyldunnar sem seint verður talin til fyrirmyndar. Það er komin tími til að rifja upp gamla og góða tíma þessara frábæru karaktera.
**21.30 20 Good Years** (11:13) Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólifuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ýtrasta.
**22.00 Cold Case** (9:23) Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.
**22.45 Damages** (1:13) Ellen, sem fylgdi Patty hvert fótmál í fyrstu seríunni, þarf núna að starfa leynilega fyrir FBI en markmið hennar er að ná sér niður á Patty Hewes og knésetja hana.
**23.30 Mad Men** (11:13)
**00.15 Sjáðu**
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst** Í umsjón Bergljótar Davíðsdóttur, Katrínar Bessadóttur og Láru Ómarsdóttur. Konur láta í sér heyra um hvað þeim finnst um samfélagið í dag.
**21.00 Í prófkjöri** Bergþór Ólason fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Norðvestur kjördæmi.
**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Hún rýnir í sálarlíf gesta sinna.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.20** Reimers **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Family Guy **15.30** Braceface **15.50** Skarpt bevogtede får **16.00** Troldspejlet **16.15** Robotboy **16.30** Den travle by **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Gør det selv **19.00** Helt vilde læger **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Kriminalkommissær Foyle **22.40** Jihad - det skærer mig i hjertet **23.40** OBS **23.45** Boogie Mix

## NRK 1

**12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Walkabout **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Mikkes klubbhus **17.25** Vennene på Solflekken **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Si ja, bli min **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Livet i Fagervik **21.25** Store Studio

## SVT 1

**13.25** Melodifestivalen 2009 **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** På liv och död **16.25** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** 183 dagar **20.00** Diplomaterna **20.30** Öga mot öga **21.00** Recept mot katastrofen




Átak og árangur
Ný 6 vikna námskeið í Hress hefjast 9. og 10. mars

Innifalið í átaksnámskeiði:
Árangur, hreysti, þol, styrkur, vellíðan, fræðsla, vigtun og mælingar í skemmtilegum félagsskap
Ótakmarkaður aðgangur að öllum opnum tímum og tækjasal

6 vikna konu átak
Kl. 6.05 3 x í viku
Kl. 9.15 3 x í viku
Kl.17.30 3 x í viku
Verð kr. 19.990.-
Korthafar kr. 10.990.-

Pilates Classik
Kl. 19.15 og kl. 11 á sunnud.
Alls 3 x í viku. Aðgangur að opnum tímum, sundi og tækjasal.

6 vikna karla átak
Kl. 18.30 3 x í viku
Kl. 19.30 3 x í viku
Verð kr. 19.990.-
Korthafar kr. 10.990.-

Rope Yoga
Kl. 17.30 mán / mið / fim
Aðgangur að opnum tímum, sundi og tækjasal.

Skráning og nánari upplýsingar í símum 565 2212 og 565 2712
Aðgangur að sundmiðstöðinni fylgir öllum æfingakortum

HRESS
Dalshrauni 11 og Ásvöllum 2 220 Hafnarfjörður
hress@hress.is www.hress.is

Grafíka 09





## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Ingólfur hefur alltaf ætlað sér eitthvað skemmtilegt. Honum dettur mjög margt sniðugt í hug og kemur manni oft á óvart með hugmyndum sínum. Hann er auk þess kjarkmikill, duglegur og góður mannþekkjari.“*

Þuríður Árnadóttir, móðir Ingólfs Júlíussonar ljósmyndara sem verður þátttakandi í nýjum bandarískum ferðaþætti.

# Sveppi og Bjarni Ben. á móti hommum

Fótboltafélagið Styrmir stendur fyrir fyrsta alþjóðlega fótboltamóti samkynhneigðra á Íslandi um páskana, Iceland Express Cup 2009.

„Styrmir hefur verið til síðan 2006 og við höfum spilað í London, Kaupmannahöfn og Argentínu,“ segir Alfreð Hauksson formaður Styrmis. „Við vorum meira að segja með í utandeildinni 2007 og vorum tæklaðir og allt. Það var bara gaman að prófa það.“

Alfreð segir mikinn áhuga fyrir alþjóðlega fótboltamótinu. „Það mæta 7-8 erlend lið. London Leftfooters og London Titans hafa þegar skráð sig til leiks. Einnig Hamburg Ball-boys og Rad-baller frá Noregi,“ segir hann. „Svo verða að minnsta kosti tvö íslensk lesbíulið í keppninni. Lez Jungles og KMK (Konur með konum) sem er lið eldri lesbía. Við fyllum svo upp í þetta með eins mörgum útgáfum af Styrmis-liðum og þarf til að ná tólf liðum samtals. Það er til að við getum haft riðla.“

Til að byggja upp spennu fyrir mótið mun Stymir spila við fótboltalið valinkunnra Íslendinga. Sá leikur fer fram í Kórnum í Kópavogi sunnudaginn 8. mars kl. 14. Sveppi er fyrirliði hinna gagnkynhneigðu frægðarmenna. Auk Sveppa eru sjónvarpsstjörnurnar Auddi og Logi Bergmann í liðinu. Einnig leikararnir Gunnar Hansson og Atli Geir og fyrrverandi landsliðsfólkið Guðmundur Torfason, Helena Ólafsdóttir og Guðlaug Jónsdóttir. Í liðinu eru líka þingmennirnir Steingrímur J. Sigfússon, Lúðvík Bergvinsson, Bjarni Benediktsson og Guðlaugur Þór Þórðarson. „Það var rosa lítið mál að fylla liðið og sérstaklega auðvelt að fá alþingismenn,“ segir Alfreð og hlær. „Það eru að koma kosningar og þeir neita engu þessa dagana.“ - drg



**FRÆGIR GEGN HOMMUM** Sveppi og Bjarni Ben eru meðal þeirra sem spila við Styrmi. Alfreð Hauksson fer fyrir hinu samkynhneigða fótboltafélagi.



**LÁRÉTT**
**2.** veiða, **6.** hæð, **8.** meðal, **9.** framkoma, **11.** tveir eins, **12.** afspurn, **14.** gistihús, **16.** mun, **17.** bjálki, **18.** skörp brún, **20.** klaki, **21.** pottréttur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** útdeildu, **3.** málmur, **4.** sumbl, **5.** þróttur, **7.** sáttir, **10.** arinn, **13.** sigað, **15.** andaðist, **16.** kirna, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** háfa, **6.** ás, **8.** lyf, **9.** fas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** ku, **17.** tré, **18.** egg, **20.** ís, **21.** ragú.

**LÓÐRÉTT: 1.** gáfu, **3.** ál, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** samhuga, **10.** stó, **13.** att, **15.** lést, **16.** ker, **19.** gg.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Íslandshreyfingin.
2. Hinn 1. mars 1989.
3. Tómas Hermannsson.



**GUÐ ER EINA LEYNDARMÁLIÐ!** Francisca Mwansa er kátasta kassadama landsins. Hún segir að kreppan skipti litlu máli. Ef hún er hnuggin hugsar hún bara til Guðs og verður glöð að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRANCISCA MWANSA: KYNNIST ÍSLANDI Í GEGNUM STRÆTÓRÚÐUNA

# Kátasta kassadama landsins

Sama hvernig heimurinn velkist þá er eitt á hreinu: Francisca Mwansa, kátasta kassadama landsins, verður brosandi þegar hún afgreiðir þig næst í Bónus úti á Granda. Glaðværð hennar og vinsemd hefur vakið verðskuldaða athygli. „Maður fer alltaf í röðina hjá henni þótt það sé styttri röð annars staðar. Hún er alltaf svo glöð,“ segir eldri maður. Hann er ekki einn um þessa skoðun.

„Ég kom hingað frá Sambíu í október árið 2000. Vinur minn hafði fundið fyrir mig vinnu á elliheimilinu Skógarbæ,“ segir Francisca. „Mér þótti ægilega skrýtið að koma hingað. Ég hafði til dæmis aldrei séð snjó áður. Ég fór að læra íslensku á námskeiði og af gamla fólkinu í vinnunni. Næst fór ég að vinna hjá samlokugerðinni Sóma en þar töluðu allir ensku svo íslenskunámið mitt lá niðri. Það eina sem var sagt á íslensku var „skera“, „ostur“ og svoleiðis. Svo fór ég að vinna fyrir rúmlega tveimur árum á kassanum í Bónus. Hingað kemur margt vinalegt og gott fólk sem er duglegt við að leiðbeina mér í málinu. Ég var feimin við að tala íslenskuna fyrst en ekki lengur.“

Francisca segist sakna fjölskyldu sinnar í Sambíu og lætur hugann stundum reika þangað þegar það er rólegt á kassanum. Hún hefur tvisvar sinnum farið heim eftir að hún flutti til Íslands og var nokkra mánuði í heimahögunum í hvort skipti. „Við búum úti í sveit, en það er algjör misskilningur hjá mörgum að ég hafi verið umkringd villidýrum, ljónum og gíröffum. Í eina skiptið sem ég hef séð ljón var nú bara þegar ég sá það í þjóðgarðinum.“

Kassadaman Francisca er kaþólsk og leggur mikla rækt við trúna. Lífið gengur daglega sinn vanagang. „Ég fer alltaf á sama komu á morgnana hjá Móður Teresu í Breiðholti og þaðan í aðra vinnu sem ég er í. Þar er ég í tvo tíma. Svo fer ég heim og í Bónusgallann og svo er ég á kassanum frá tólf til sjö. Ég einbeiti mér að hverjum kúnna og hef eignast marga vini. Ég hef því miður ekki ferðast mikið um Ísland. Ég hef eiginlega bara séð það sem hægt er að sjá út um strætórúðuna. Þegar Bónus var úti á Seltjarnarnesi kynntist ég Seltjarnarnesi og nú er ég öllum hnútum kunnug úti á Granda. Einu sinni fór ég þó til Grundarfjarðar og einu sinni til Þingvalla. Þar er rosalega fallegt og mig langar auðvitað til að ferðast meira um þetta fallega land.“

Francisca segist sjá mikinn mun á fólki eftir að kreppan skall á. „Já, maður finnur til dæmis fyrir breytingu í strætó,“ segir hún. „Það er einhvern veginn þyngra yfir og fólk er ekki eins glatt og það var.“

En kreppan bítur ekki á Franciscu, enda á hún sér leyndarmál, sem þó er ekkert leyndarmál. „Guð er eina leyndarmálið!“ segir hún sannfærandi og verður alvarleg um stund. „Ef ég er eitthvað hnuggin hugsa ég bara til Hans og þá verð ég glöð í hvert skipti. Kreppan skiptir litlu máli. Það eina sem skiptir máli er Guð, gott fólk, börnin og náttúran. Við finnum aldrei alvöru hamingju í peningunum. Enginn banki endist að eilífu. Nema sá á himnum.“

drgunni@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Meistara ljósvakans, **Ingva Hrafni Jónssyni**, sjónvarpsstjóra á ÍNN, hefur verið legið á hálsi af Bláu hendinni fyrir að vera reikull í trúnni og hafa ekki hampað Davíð Oddssyni sem skyldi. Hins vegar bætti Ingvi sig mjög í þeim efnum á fimmtudaginn. Þá tók hann sig til og framdi gjörning í beinni útsendingu, hysjaði upp um sig brækurnar í mynd og sagðist gera þetta fyrir hönd fjölmiðlastéttarinnar. Tilefnið var að sögn Ingva það að Sigmar Guðmundsson var með dónalegar bloggspurningar þegar hann tók frægt Kastljósviðtal við Davíð á þriðjudaginn í síðustu viku.



Gjörningalistamaðurinn **Snorri Ásmundsson** býður sig fram til formennsku í Sjálfstæðisflokknum og hefur sent sjálfstæðismönnum kjarnyrt bréf þar sem hann hnykkir á nauðsyn þess að fá nýtt blóð. Hann fortekur fyrir að um fíflagang sé að ræða af sinni hálfu og segir að þó að um gjörning sé að ræða þá hafi gjörningar ríkisstjórnar Geirs H. Haarde verið eitt gjörningagrín og því nær að hafa gjörningameistara við stjórnvölinn. Gjörningar sem hann mun standa fyrir eigi að koma í veg fyrir að ógeðfelldir og gráðugir drullusokkar hafi eitthvað með hagsmuni þjóðarinnar að gera. Ekki er vitað hvernig þetta fellur í kramið meðal flokksfélaga.



Einn þekktasti leikari landsins og annálaður veiðimaður, **Pálmi Gestsson**, er fremur óhress þessa dagana. Hann sótti um hreindýraleyfi en hans nafn kom ekki upp úr pottinum þegar dregið var um hverjir fengju dýr frekar en í fyrra og hefur Pálmi miklar efasemdir orðið um þetta fyrirkomulag við úthlutun veiðileyfa. - jbg

# Ciesielski segir sig úr Framsókn

„Nei, þeir vilja ekki setja mig á lista. Þannig að ég fór í Framsóknarflokkinn til að segja mig úr honum aftur. Þeir skilja ekki út á hvað þetta gengur,“ segir Sævar Ciesielski.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir nokkru að Sævar stefndi ótrauður á 1. sæti á lista framsóknarmanna á Suðurlandi. Enda á Sævar rætur að rekja þangað. En eitthvert bix er með lögheimili og sá framkvæmdastjórn flokksins öll tormerki á að Sævar gæti tekið sæti á lista flokksins þar. En bauð honum þess í stað sæti aftarlega á lista í Reykjavík. Sævar hins vegar telur nú réttu stundina upp runna til að hafa áhrif og breyta samfélaginu. Hann segist eiga vísan stuðning meðal námsmanna í Háskólanum enda lætur hann sig málefni þeirra nokkru varða. Og Sævar er nýlega kominn frá Eyjum þar sem honum var gríðarlega vel tekið þrátt fyrir að Eyjar séu íhaldsbæli að sögn Sævars. „Elliði Vignisson bæjarstjóri er afbragðsmaður. Ég átti fund með bæjarstjórninni sem var útvarpað. Og við ræddum meðal annars aflaheimildir og loðnu sem skiptir plássið gríðarlega miklu máli.“

Virðist nokkuð brátt um kandídata í kosningar á vegum Framsóknarflokksins. Áður hafði Þráinn Bertelsson gefið á sér kost en dró sig til baka. Sævar er þó ekki af baki dottinn. Hann segist hafa stofnað árið 1995 félag: Samtök um réttlæti. Og undirbýr nú sérframboð undir fána þeirra samtaka. „Allt klárt og stimplað. Það verður að standa vörð um þá sem minnst mega sín í samfélaginu.“ - jbg



**SÆVAR CIESIELSKI** Segir ekki hægt að breyta Framsóknarflokknum og stefnir nú á sérframboð.













# ÓKEYPIS AÐGANGUR

## AÐ STÆRSTA VEFBÓKASAFNI LANDSINS
## 2.–9. MARS

ORÐABÆKUR
LAXNESS
ÍSLENDINGASÖGUR
SAMTÍÐARMENN
MATUR
KORTABÆKUR
NÖFN

**www.snara.is**

Með **Snöru** geturðu flett
rafrænt upp í tugum bóka og
sparað tíma, peninga og hillupláss.
**Snara** er lifandi og sístækkandi
bókasafn í tölvunni þinni.

snara
vefbókasafn



# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lífið heil
www.lyfja.is
Opið 07 til 02
Lyfja Lágmúla




**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## Shirley MacLaine á Íslandi

Mikið var gaman að Kate Winslet skyldi fá Óskarinn. Hún á metið í tilnefningum miðað við aldur, 33 ára og komin með sex. Samt ákvað fréttastofa Ríkissjónvarpsins að þegja bæði yfir henni og Penelope Cruz og sagði bara frá körlunum sem fengu óskara fyrir leikstjórn, aðal- og aukaleik. Ég varð því að fara inn á youtube til að sjá Kate halda þá alskemmtilegustu ræðu sem flutt hefur verið af þessu tilefni. Samt var gleði mín ekki fölskvalaus því á meðal þeirra sem birtust uppi á sviði með Kate var Shirley MacLaine.

Þessi snjalla leikkona blandast inn í fáránlegustu mistök sem ég hef gert í blaðamennsku og þar sem nú er runninn upp tími játninga læt ég hana flakka. Allir þurfa að hafa hreinan skjöld þegar stigið verður frá borði á strönd Nýja-Íslands. Nema hvað, ég fékk veður af því að kunningi minn hefði lánað manni nokkrum jeppann sinn til að fara á Snæfellsnes að skoða geimverur með Shirley MacLaine. Og ef það var ekki frétt! Þegar ég loks náði sambandi við ferðafélagann var leikkonan farin úr landi. Maðurinn var samt viðtalsefni og ég hélt á hans fund.

Eftir að hafa rabbað saman um listsköpun hans og áhuga á geimverum spurði ég um hana Shirley. Ég fann fljótlega að hann vildi ekki tala mikið um þessa frægu vinkonu sína og reyndi því að fara fínlega í þær spurningar. Ég bar líka virðingu fyrir því að maðurinn skyldi vilja sýna vinkonu sinni trúnað og ekki vera með neitt gaspur. Þó fékk ég það upp úr honum að þetta væri ágætis manneskja og þetta væri ekki í fyrsta sinn sem hún kæmi hingað til lands. Ég var nokkuð upp með mér að geta verið fyrst til að segja frá þessum nýja Íslandsvini.

Með viðtalinu var birt mynd af Shirley MacLaine þar sem hún sést dragfrín á leiðinni í einhverja veisluna í Hollywood. Ekki leið á löngu þar til viðmælandi minn hringdi. Viðtalið hafði komið honum nokkuð á óvart, enda hafði hann aldrei verið þeirrar gæfu njótandi að fá að hitta stjörnuna frægu. Ferðafélagi hans og sameiginleg áhugamanneskja um geimverur var áströlsk og hét Shirley MacLean eða eitthvað álíka. „Ég skildi heldur ekkert hvers vegna þú hafðir svona mikinn áhuga á henni,“ sagði maðurinn. Og ég auðvitað ekki heldur. Þarna höfðum við þá setið saman og talað sitt í hvora áttina eins og tvær geimverur.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 2. mars, 61. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.31 | 13.40 | 18.49 |
| Akureyri | 8.20 | 13.25 | 18.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


